

Möðruvellir í Hörgárdal

Fornleifakönnun



Orri Vésteinsson



Fornleifastofnun Íslands

FS153-98071

Reykjavík 2001



© Fornleifastofnun Íslands 2001.

Mynd á forsíðu: Möðruvellir 1836, e. Auguste Mayer.

Efnisyfirlit

1. kafli. Inngangur	4
2. kafli. Löggjöf um minjavernd	4
3. kafli. Fyrri athuganir	7
4. kafli. Staðhættir	7
5. kafli. Saga byggðar	9
6. Kafli. Fornleifar á Möðruvöllum	14
7. Kafli. Verndun og kynning minja á Möðruvöllum	43
8. kafli. Heimildaskrá	46

1. kafli. Inngangur

Sumarið 1998 hófst undirbúningur að gerð deiliskipulags fyrir jörðina Möðruvelli í Hörgárdal. Möðruvellir eru ríkisjörð og þeir aðilar sem hafa umráð með jörðinni, Prestsetrasjóður og RALA, standa fyrir skipulagsgerðinni sem er í höndum Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur. Hún hafði milligöngu um að fá Fornleifastofnun Íslands til að gera fornleifaskráningu á jörðinni og var sú skráning gerð dagana 26.-28. júlí 1998 og bætt við hana 1. og 24. september sama ár, og aftur 22. nóvember 2001. Drög að skýrslu lágu fyrir um haustið 1998 og var leitað eftir athugasemdum frá staðkunnugum við hana. Þær hafa síðan verið felldar inn í skýrslutextann.

Í þessari skýrslu er greint frá árangri athugunar á fornleifum á Möðruvöllum. Markmið athugunarinnar var að kanna ritaðar heimildir um fornleifar á svæðinu, leita minja á vettvangi og leggja mat á áhrif skipulagstillagna á þær. Við undirbúning rannsóknarinnar voru skoðuð kort, gamlar ljósmyndir og athugaðar ritheimildir um menningarminjar á jörðinni. Gengið var um alla jörðina og leitað fornminja. Á grundvelli þessa var tekin saman skrá yfir fornleifar á Möðruvöllum og hún skoðuð í ljósi skipulagstillagna. Í skýrslunni er fylgt hefðbundinni framsetningu Fornleifastofnunar á gögnum um fornleifaskráningu sem unnin er vegna skipulagsgerðar, greint frá lögbundnum forsendum fornleifakönnunarinnar, greint frá fyrri fornleifaathugunum á svæðinu, vettvangsrannsóknum lýst, lagt mat á áhrif framkvæmda og gerðar tillögur um aðgerðir.

Ýmsir hafa aðstoðað við skráninguna og ber þar sérstaklega að nefna Bjarna E. Guðleifsson og Torfa Stefánsson Hjaltalín. Báðir veittu leiðsögn um landareignina og léðu höfundu gögn um sögu staðarins, einstakar fornleifar og byggingar og lásu yfir skýrslutexta á ýmsum stigum úrvinnslu. Eru þeim færðar bestu þakkir fyrir. Einnig vill höfundur þakka Guðrúnu Jónsdóttur ánægjulegt samstarf.

2. Kafli. Löggjöf um minjavernd

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga (nr. 107 2001), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ..." Í 11. gr. laganna segir um skipulagsgerð: "Skýlt er að fornleifaskráning fari

fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna." Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum skipulagsgerðar á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar,

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 14. gr. þjóðminjalaga segir m.a. : "Nú telur ... sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggð geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir ... skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum."



Þrjár myndir af Möðruvöllum frá 19. öld. Efst er staðurinn árið 1836 (úr norðri), í miðri árið 1856 og neðst frá því rétt fyrir 1900 (úr suðaustri). Á efri myndunum sjást torfbærinn og Friðriksgáfa sunnan við hann, en á þeirri neðstu er komið skólahús í stað Friðriksgáfu og skólastjórahús framan við bæinn.

3. kafli. Fyrri athuganir

Þó Möðruvellir í Hörgárdal séu einn af helstu sögustöðum landsins þá voru ekki gerðar þar neinar fornfræðirannsóknir á 19. öld eins og svo víða annarsstaðar. Það hefur að hluta til stafað af því að engar minjar um forna frægð staðarins eru sýnilegar á yfirborði en einnig af því að staðurinn kemur lítið við Íslendingasögur – sem fornfræðingar þeirrar tíðar höfðu mestan áhuga á - en meira við sögu síðmiðalda og eftir siðaskipti. Kristian Kaalund kom til Möðruvalla 11. september 1873 og sennilega aftur 4. september 1874 því hann lýsir rústum Friðriksgáfu sem brann það ár og segir að fornar minjar séu engar á Möðruvöllum og kennir um hinum fjölmörgu brunum sem orðið hafa á staðnum (KK III, 79). Sporgöngumenn Kaalunds hafa sennilega látið lýsingu hans aftra sér frá því að gera rannsóknir á Möðruvöllum því hvorki Sigurður Vígfússon né Brynjúlfur Jónsson komu þar svo vitað sé, og fór Brynjúlfur þó um Arnarneshrepp 1905 og lýsir sögustöðum í nágrenni Möðruvalla (Árbók hins íslenska fornleifafélags 1906, 20-21). Hinn mikli landkönnuður Þorvaldur Thoroddsen hafði bækistöð á Möðruvöllum á árunum 1880-1884 er rannsóknarleiðangrar hans stóðu sem hæst en ekki fer þó mikið fyrir lýsingum á jörðinni í ritum hans.

Á 20. öld hefur Steindór Steindórsson frá Hlöðum manna mest sinnt sögu Möðruvalla og bæði ritað um sögu klaustursins almennt og um staðhætti og sögustaði þar. Þá er einnig til greinargóð lýsing af staðnum og húsakosti þar í byrjun 20. aldar eftir Huldu Á. Stefánsdóttur sem birtist í endurminningum hennar.

Árið 1985 gerði Guðmundur Ólafsson fornleifaskráningu í Arnarneshreppi og skráði þá ýmsa staði í landi Möðruvalla. Á þeim tíma voru aðferðir við fornleifaskráningu enn á frumstigi og voru þá aðeins skráðar mannvirkjaleifar sem sýnilegar voru á yfirborði en áhersla lögð á að gera nákvæma uppdætti af því sem sást. Í þessari skráningu er því ekki að finna neinar upplýsingar um fornleifar heima á staðnum, en ítarlegar lýsingar eru gefnar af tóftum beitarhúsa, Sauðhúsa, rjórabús, túngarðs á Möðruvöllum, Nunnuhóls, Neskots og þremur smalakofum í Neskotshólum. Skráning þessi var ekki gefin út en gögnin eru varðveitt á Þjóðminjasafni oga hafa verið tekin upp í skýrslu þessa.

4. kafli. Staðhættir

Möðruvellir eru allstór jörð á eyfirskan mælikvarða, rúmlega 1 km breið ræma frá fjalli og niður að Hörgá og þar fyrir utan um 1,7 km löng og 0,5 km breið ræma meðfram ánni út á

móts við Skipalón. Landið er því eins og “L” í laginu, og má skipta því í þrjú megin svæði, fjallshlíð, heimatún og votlendi.

Efst er fjallshlíðin, skriðurunnin og gróðurlaus efst en vel gróin að neðan allt niður að túni, og nær túnið raunar aðeins upp í brekkuna.

Fyrir neðan fjallshlíðina tekur við sléttur stallur og er heimatúnið á honum. Þar hefur verið valllendi þegar bænum var gefið nafn og er þar afarstórt túnstæði frá náttúrunnar hendi sem hefur verið ein meginstoðin undir stórbúskap á Möðruvöllum á seinni öldum. Túnið er að stærstum hluta á mel og hefur sprettan í því verið komin undir vatni úr fjallinu. Staðaráin ber mikið vatn á norðurhluta túnstæðisins en syðst í landi jarðarinnar hafa berir melar tekið við af valllendinu þar sem minni vætu hefur verið að fá – þar hefur áður verið skógur (ÞT Ferðabók I, 22). Þó ekki séu um það sýnilegar minjar má telja víst að til forna hafi vatni úr Staðará og bæjarlæk verið veitt á suðurhluta túnsins og hefur með slíkum áveitum mátt auka mjög sprettu í því. Staðaráin gat á hinn bóginn verið mesti skaðvaldur í leysingum og borið aur og grjót á túnið ef henni var ekki haldið í skefjum.

Möðruvallatún nær fram á allbrattan malarkamb, en þar neðan við tekur við votlendi. Næst bænum er Akramýri, sem var forarmýri sem nú hefur verið ræktuð, en utan við Heyhól taka við grösugar engjar meðfram Hörgá, frjóvgaðar af framburði úr henni. Möðruvallanes, eins og ytri hluti engjanna er kallaður, voru ásamt hinu stóra túni undirstaðan undir búrekstrinum og ástæðan fyrir því að Möðruvellir urðu stórbýli og kirkjumiðstöð. Fyrir utan land heima fyrir fylgdi jörðinni allstór afrétt á Hörgárdalsheiði og selland í Barkárdal en hvorugt svæðið er til umfjöllunar hér. Í heimalandinu hefur verið lítil sumararbeit, a.m.k. ef gert er ráð fyrir að engjar og tún hafi verið varin fyrir beit, en vetrararbeit sennilega nokkur. Í byrjun 18. aldar er kvartað undan landþrengslum á Möðruvallaklaustri og sagt að klausturhaldarinn neyðist til að þiggja hey og haga af nágrannajörðum. Þá var einnig talið að eldiviðarlaust væri með öllu í landareigninni en klaustrið hafði átt umtalsverð skógarítök á Þelamörk sem þá voru uppurin (JÁM X, 130).

Af þessu má ráða að þó að landkostir séu um margt afargóðir á Möðruvöllum – og sýnu betri en á flestum nágrannajörðum – þá hefur landið sjálft ekki staðið að fullu undir þeim rekstri sem þar var eftir að klaustur var stofnað í lok 13. aldar. Þetta á ekki síst við ef gert er ráð fyrir að Möðruvallanes sé ekki upphaflegur hluti landareignarinnar eins og sagnir hafa verið um. Ýmislegt bendir því til þess að Möðruvellir séu ekki upphaflega héraðsmiðstöð eða stórbýli sem bar höfuð og herðar yfir önnur bú á svæðinu allt frá landnámsöld. Frekar má ætla að staðurinn sé tilbúinn eining, e.t.v. sóknarkirkja á meðalgóðri jörð sem varð héraðsmiðstöð þegar búið var að safna undir hana eignum og ítökum sem gerðu

stórbýlisrekstur mögulegan. Það gæti skýrt hversvegna Möðruvellir eru ekki talin landnámsjörð og hversvegna engum sögum fer af höfðingjum þar fyrr en eftir að jörðin var orðin staður um 1200.

5. kafli. Saga byggðar

Ef litið er á skipan byggðar í utanverðum Hörgárdal og á Gálmaströnd þá virðist auðsætt að fyrstu landnemarnir sem komu upp í Hörgárósa hafa tekið sér bólfestu nálægt ósnum og nálægt þeim miklu engjum sem þar eru. Þrír meginkostir eru við þessa staðsetningu. Í fyrsta lagi hefur ekki þurft að ryðja skóg til að koma sér fyrir á votlendisjaðrinum. Í öðru lagi hefur verið nægur heyfengur á engjunum til að fæða skepnur landnemanna – þeir hafa hvorki þurft að ryðja skóg né rækta tún til að komast af frumbýlingsárin og hafa sennilega getað aukið bústofninn svo um munaði byggt á þessum landkostum einum. Í þriðja lagi hefur skipt máli að þessir frumbyggjar hafa setið fyrir þeim sem seinna komu – allir sem leituðu landa upp um Hörgárdal hafa þurft að komast framhjá þeim sem höfðu tekið sér bólfestu við ósinn með góðu eða illu, og má ætla að frumbyggjarnir haf reynt að beita áhrifum sínum til að tryggja að þeir sem seinna komu yrðu þeim háðir með einum eða öðrum hætti. Við ósinn er Skipalón að sunnanverðu, meðaljörð og landnámsbýli samkvæmt Landnámabók, sem kemur ágætlega heim við þetta líkan, en norðan við ána eru nokkur býli í hverfi, sem túlka má sem landnámskjarna. Það eru Ós, sem af nafninu og því að þar var kirkja á seinni öldum, er freistandi að líta á sem elsta býlið, Ásláksstaðir og Hof, sem af nöfnunum er freistandi að ætla að séu ívið yngri. Þessar þrjár jarðir voru allar í stærra lagi þó engin þeirra væri stórbýli. Samanlagt voru þær 110 hundruð að fornu mati – en það að þær skiptust í þrennt bendir til að þarna hafi verið á ferð allstór hópur manna, sennilega nokkrar fjölskyldur sem ekki lutu stjórn eins höfðingja. Hér hefur því ekki verið á ferð höfðingi eins og Skallagrímur á Borg sem tók sér besta landið og setti fylgismenn sína niður allt í kring, heldur fleiri en ein fjölskylda þar sem nægilegt jafnræði var á milli til að engin ein gat tekið sér vænustu sneiðina. Slíkir hópar hafa verið alltiðir á landnámsöld og má víða finna munstur þessu lík, t.d. í Hjaltastaðapinghá og í Mývatnssveit. Ætla má að þeir sem komu í Hörgárósa eftir að byggð hafði komist á legg við ósana hafi flestir leitað upp með ánni og stofnað þar sjálfstæð landnám en byggðakjarninn við ósinn hefur einnig vaxið, hvort heldur sem er með því að fleira fólk kom að utan og settist að undir handarjaðri frumbýlinganna, eða að þeir fjölguðu sér sjálfir og tóku að byggja nærliggjandi svæði sem væntanlega hafa verið hulin skógi í fyrstu. Einlægast er að líta á

Brekkubæi sem beint framhald af landnámskjarnanum við ósinn, en að Hvammur og Möðruvellir komi næst á eftir í röðinni, enda eru þær jarðir báðar heldur lengra frá og ekki hægt að líta á þær sem hluta af hinu upphaflega hverfi. Hugsanlega eiga Möðruvellir rætur sínar sem höfuðból í því að maður sem vildi gerast höfðingi yfir landnámskjarnanum hefur ekki með góðu móti getað gert eitt af býlunum í hinu upphaflega hverfi að höfuðbóli – enda voru þau öll ámóta stór. Hann hefur því þurft að stofna nýtt býli sem var mun stærra en nokkuð eitt hinna eldri. Kumlið sem fannst á Möðruvöllum á fyrri hluta 19. aldar er skýr vitnisburður um að þar hefur verið komin byggð fyrir 1000 og að þar hefur verið á ferð fyrirfólk: kona sú sem þar var heygð hefur verið í heldri manna tölu ef dæma má af þeim gripum sem með henni voru lagðir.

Aðstöðumunur þess sem vildi byggja upp höfðingjadæmi á 10. öld og frumbýlinganna í lok 9. aldar var mikill. Hinir síðarnefndu höfðu ekki aðra valkosti en að setjast að á því landi sem tiltækt var (nálægt sjó eða ám, skóglaut) og sem gat staðið undir þeim búrekstri sem þeir vildu hafa (nægar engjar, veiði). Þó að það færi oft saman að slík landgæði yrðu seinna einnig undirstaðan undir höfuðbólum (t.d. Hvanneyri í Andakíl, Arnarbæli í Ölfusi, Grund í Eyjafirði, Vellir í Svarfaðardal) þá var hitt ekki síður algengt að ennþá betri staðir til búreksturs kæmu fyrst í ljós eftir að búið var að ryðja skóga og jafnvel rækta landið. Sennilegt er að Möðruvellir séu einn slíkra staða. Þar hefur verið gott túnstæði frá náttúrunnar hendi en það hefur þurft að bæta með áveitum og býlið hefur ekki orðið til muna betri en önnur fyrr en Möðruvallanes lagðist undir það. Auðvitað er ekki útilokað að nesið hafi tilheyrt Möðruvöllum frá upphafi og þá verður að ætla að Brekkubæir hafi byggst síðar en Möðruvellir. Það breytir ekki því að Möðruvellir virðast vera síðara stigs stofnun á landnámsöld, án mikils vafa ætluð til að drottna yfir landnámskjarnanum við Ós. Hitt er eins líklegt að nesið hafi ekki lagst undir Möðruvelli fyrr en miklu síðar, jafnvel ekki fyrr en þar var komið klaustur.


Þó að Ós, Ásláksstaðir, Hof og Brekkubæir hafi eflaust snemma fallið í skuggann af Möðruvöllum þá er ekkert sem bendir til að Möðruvellir hafi orðið meiriháttar miðstöð á 10., 11. eða 12. öld. Meint vetrardvöl Víga Glúms á Möðruvöllum er tæplega vitnisburður um að býlið hafi verið höfuðból í lok 10. aldar. Á 12. öld bjuggu stórhöfðingjar á Auðbrekku, Laugalandi, í Lönguhlíð (nú Skriða) og á Bakka í Öxnadal en Möðruvalla er fyrst getið sem kirkjustaðar þegar Guðmundur Arason var fermdur þar 1162. Freistandi er að ætla að Möðruvellir séu ein þeirra jarða, eins og t.d. Reykholt, Skálholt og Hólar, sem eiga mikilvægi sitt að rekja til þess að þar risu snemma kirkjur. Það hafa þá jafnvel verið hinar elstu sóknarkirkjur sem urðu miðstöðvar samkomuhalds og þar með mikilvægar miðstöðvar sem

höfðingjar gerðu að aðsetrum sínum. Margar slíkar jarðir urðu staðir mjög snemma, þ.e. jörðin öll var álitin eign kirkjunnar sem á henni stóð. Það hefur að hluta til virkað hvetjandi á sóknarmenn að gefa þangað gjafir – og má vera að mikilvægi Möðruvalla hafi fyrst og fremst legið í því að kirkjan þar (og síðar klaustrið) átti feikimargar jarðir – en einnig hefur það haft í för með sér að yfirráð yfir eignunum gátu orðið óljós, einkum ef staðurinn gekk úr ætt stofnandans. Þannig var komið fyrir Möðruvöllum um 1200 og voru þeir ásamt Völlum í Svarfaðardal undir forræði Hólabiskupa allt frá því í lok 12. aldar. Það er andstætt öðrum stöðum í Eyjafirði, eins og Tjörn í Svarfaðardal, Glæsibæ, Hrafnagili og Saurbæ sem voru undir forræði leikmanna allt til þess að staðamálum lauk með sigri kirkjunnar í blálok 13. aldar. Það er því langtífra tilviljun að kirkjulegar stofnanir risu á Völlum og Möðruvöllum öðrum stöðum fremur í Eyjafirði. Þar höfðu Hólabiskupar haft heillar aldar forskot til að byggja upp eignir og ítök og er einlægast að líta á klausturstofnun Jörundar biskups á Möðruvöllum 1296 sem beint framhald af uppbyggingarstarfi hans og forvera hans á staðnum. Það er heldur ekki tilviljun að klaustrið á Möðruvöllum var mun ósjálfstæðara en flest önnur klaustur landsins. Ábóti þess var Hólabiskup og príórar þess voru ekki annað en framkvæmdastjórar á hans vegum.

Á þessum forsendum má setja fram eftirfarandi tilgátu:

- Möðruvellir eru stofnaðir um 900 í fyrsta lagi, ef til vill mun síðar, af manni sem vildi gerast höfðingi yfir litlum en mikilvægum byggðakjarna við ósa Hörgár. Hvort sem hann hefur náð því markmiði eður ei hafa hann og niðjar hans aldrei orðið meira en smáhöfðingjar sem fljótlega hafa fallið í skuggann af valdameiri höfðingjum, einkum innanúr Hörgárdal.
- Á 11. öld hafa smáhöfðingjarnir á Möðruvöllum veðjað á kirkjuna sem líklega leið til áhrifa og byggt sér stóra kirkju og fengið til prest. Á tímabili þar sem flestar kirkjur voru einkakirkjur, ekki ætlaðar öðrum en heimilismönnum, hefur slík kirkja getað orðið miðstöð trúarlífs og ef til vill félagslífs á stóru svæði.
- Á 12. öld fær Möðruvallakirkja eina stærstu sókn í Eyjafirði og eigendur jarðarinnar gera hana að stað. Gefendurnir hverfa úr sögunni fyrir lok aldarinnar og staðurinn kemst undir forræði Hólabiskupa. Með stofnun staðarins hafa eflaust fylgt útjarðir í nágrenni Möðruvalla og fleiri slíkar eignir geta hafa gefist til staðarins sem sálugjafir.
- Á 13. öld setja Hólabiskupar helstu bandamenn sína úr leikmannastétt á Möðruvelli, en ætla má að uppbyggingarstarf hafi verið þar jafnt og þétt, bæði hvað varðar ræktun heimajarðar og uppbyggingu staðarhúsa, og söfnun eigna og ítaka sem gátu staðið undir búrekstri á stærri mælikvarða en tíðkaðist um höfuðból.

Ætla má að það uppbyggingarstarf hafi haldið áfram eftir að klaustrið var stofnað og má sjá ýmis merki þess á síðmiðöldum að menn héldu áfram að renna stoðum undir búreksturinn með ýmsum hætti. Elsta heila eignaskrá klaustursins er frá 1447 og átti það þá 32 jarðir í byggð og 40 í eyði. Flestar voru þessar jarðir í nágrenni klaustursins, á Gálmaströnd, en einnig voru allamargar dreifðar um Svarfaðardal, Hörgárdal og Öxnadal. Þar fyrir utan átti klaustrið meirihluta í Grímsey og hlut í Flatey á Skjálfanda og hefur það greinilega verið þátttakandi í hinni miklu uppbyggingu sjávarútvegs sem varð á 14. og 15. öld. Af eignarjörðum klaustursins eru það aðeins Hallgilsstaðir, Björg og hugsanlega Akrar sem gætu hafa verið hluti af hinni upphaflegu landareign Möðruvalla. Þratarhóll komst ekki undir



Teikning af stokkahúsi sem reist var sem amtmannsbústaður á Möðruvöllum 1787. Þetta hús brann 1826 og var Friðriksgáfa byggð í stað þess en ekki er vitað hvort það stóð á sama stað.

klaustrið fyrr en síðar og af nafninu að dæma hefur Litli Dunhagi upphaflega verið hluti af byggðakarna með Stóra Dunhaga. Ekki er þó ástæða til að ætla annað en að bæði Björg og Hallgilsstaðir séu forn býli – og má hafa það til marks um Björg að kumlið sem fannst á Möðruvöllum á 19. öld virðist hafa verið á merkjum milli jarðanna. Hitt má vera að Björg og Hallgilsstaðir hafi verið útjarðir frá Möðruvöllum frá upphafi og verið hluti af þeim eignum sem lagðar voru til staðarins á 12. öld.

Við siðaskiptin lagðist klausturlíf af á Möðruvöllum og var staðurinn settur í hendur klausturhaldara. Möðruvellir og þær jarðir sem undir klaustrið höfðu legið urðu þar með lítið annað en rekstrareining – klausturhaldararnir leigðu klaustrið

og eignir þess af konungi og höfðu ekki aðrar skyldur en að standa skil á leigunni til konungs. Klausturhaldarar á Möðruvöllum voru hinsvegar oft embættismenn og 1784 var klaustrið gert að amtmannssetri, og stóð svo í slétta öld. Eftir siðaskipti bættust engar nýjar eignir við klausturgóssið og ýmis ítök gengu úr sér eða hreinlega gleymdust. Sennilegt er því að umsvif búrekstrar hafi heldur dregist saman þó Möðruvellir hafi áfram verið eitt helsta stórbýli landsins fram eftir 19. öld.

Íslensk stórbýli má flokka í tvennt efir því hvort þeim fylgdu hjáleiguger frá upphafi eða ekki. Möðruvellir virðast vera eitt af þeim sem engar hafði hjáleigur. Eini möguleikinn er býlið Akkrar sem getið er í fornsögum og var eyðibýli í eigu klaustursins 1447. Það virðist hafa verið nálægt Möðruvöllum en engar góðar heimildir eru um staðsetningu þess. Hafi það verið innan landareignar Möðruvalla þá má líta á eyðingu þess sem einn liðinn í að styrkja búið á Möðruvöllum. Í byrjun 18. aldar er aðeins getið um Spónsgerði eða Skúmsgerði sem hafði þá verið í óstöðugri byggð. Bæir með nafnliðnum –gerði eru yfirleitt ekki taldir fornir og virðast flestir hafa orðið sérstök býli á 16. öld eða síðar. Líklegt er að Spónsgerði sé eitt þeirra og hafi byggst sem hjáleiga eftir siðaskipti. Á 18. öld breytir svo um að nokkur kot rísa í landareigninni. Neskot niðri á engjunum við Hörgá, Lækjarbakki ofarlega í túnjaðri og Jaðar steinsnar frá bænum. Þessara kota er ekki getið í jarðabók Árna og Páls sem yfirleitt getur allra þekktra vísbendinga um forna byggð og má hafa það til marks um að þau geti ekki verið eldri. Helst leikur vafi á um Neskot en það er talið fornt eyðibýli í sóknarlýsingu frá 1844 og þar eru mun meiri mannvirkjaleifar en virðast hafa verið á Jaðri og Lækjarbakka. Ekki verður því útilokað með öllu að rústirnar á Neskoti séu ævafornar, e.t.v. eldri en Möðruvellir sjálfir. úr því verður hinsvegar ekki skorið nema með rannsókn.

Svo virðist sem að á 18. öld hafi klausturhaldarar hneigst til þess að byggja upp hjáleigur í landi staðarins og hafa leigutekjur af þeim en væntanlega minnka eigin búskaparumsvif að sama skapi. Sama þróun varð víða um land á stórbýlum á 17. og 18. öld en á Möðruvöllum var henni snúið við þegar jörðin var gerð að amtmannsbústað 1784 því þá voru hjáleigurnar lagðar af og reynt að nýta allt landið í þágu bús amtmannsins. Í sóknarlýsingu sinni frá 1841 gefur sr. Jón Jónsson þó í skyn að það hafi gengið örðuglega (SSE, 113).



6. Kafli. Fornleifar á Möðruvöllum

Hér að neðan er birt skrá um fornleifar í landi Möðruvalla. Í skránni eru allir þekktir minjastaðir á jörðinni.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Þá er hverjum minjastað gefin kennitala sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: EY-068:001). Upplýsingar um hvern stað eru settar fram á staðlaðan hátt: fyrst kemur kennitala staðarins í gagnagrunni Fornleifastofnunar, staðarheiti, tegund fornleifar, hlutverk og hnattstaða í gráðum og mínútum. Þar næst kemur tilvitnun í heimild ef einhver er, lýsing á staðsetningu, aðstæðum og að lokum aðrar upplýsingar, hættumat og heimildaskrá.

Í næsta kafla verður fjallað nánar um möguleika á rannsóknum og kynningu fornleifa í landi Möðruvalla.

EY-068 Möðruvellir

Staður. Getið í Víga-Glúmssögu: "Glúmur bjó á Möðruvöllum í Hörgárdal við Þorgrím hjnúk ok undi því eigi lengr en einn vetr." Getið 1162 er Guðmundur Arason var fermdur þar. 1202 eða 1203 er Möðruvellir orðinn staður og skipar Guðmundur Arason Sigurð Ormsson staðarhaldara og hélt hann staðinn fram yfir 1215. Möðruvellir komust aftur undir biskupa og 1253 hafði Heinrekur biskup skipað Eyjólfí ofsa staðinn en um haustið eftir Flugumýrabrennu hrakti Gissur Þorvaldsson Eyjólf burt af staðnum og rændi þar og drap fé. 1293 settist Sigurður Jónsson lögmaður á staðinn og virðist hafa gert tilkall til hans áður og hefur jafnvel setið þar en skömmu síðar komu út konungsbréf gegn staðartökunni og fór Sigurður af staðnum með því að Jörundur Þorsteinsson biskup greiddi honum fé fyrir. 1285 : « Herra Jörundur biskup að Hólum greiddi peninga Sigurði í Hlíð fyrir Möðruvallastað ... » Árna saga biskups, Sturl, 844. Árið 1296 stofnaði Jörundur síðan kanokaklaustur á Möðruvöllum. 1316 brann klaustrið og var ekki endurreist fyrr en 1326. Ekki er annað vitað en að klausturhald hafi verið á Möðruvöllum óslitið til siðaskipta. Eftir siðaskipti höfðu klausturhaldarar Möðruvelli að léni frá konungi til 1784 að Möðruvellir voru gerðir að amtmannssetri. Eftir bruna Friðriksgáfu 21.3.1874 var amtmannssetur flutt til Akureyrar en sumarið 1879 var nýtt skólahús reist á rústunum og var skólinn settur 1.10.1880 sbr. lög um gagnfræðaskóla á Möðruvöllum í Hörgárdal frá 1877. Skólinn starfaði til 1902. Jörðinni var skipt í tvennt 1911 og hefur annar helmingur hennar verið prestsetur síðan. Nunnuhóll var sameinaður þeim hluta jarðarinnar er byggð lagðist af þar 1937. Endanleg skipti voru gerð 1975 en frá 1974 hefur Rannsóknarstofnun landbúnaðarins rekið tilraunastöð á nyrðri helmingi jarðarinnar. 1712 var Spónsgerði eyðihjáleiga í landi Möðruvalla en sú jörð hafði verið byggð með 3 kúgildum 1569 og er nú sérstök eign. Aðrar hjáleigur í landi Möðruvalla sem vitað er um eru: Akrar (talin meðal klausturjarða í eyði 1447), Jaðar (búið á 18. öld skv. sóknarlýsingu), Lækjarbakki (búið á 18. öld skv. sóknarlýsingu), Neskot (fornt eyðibýli skv. sóknarlýsingu) og Karlskofi í Möðruvallaklausturnesi (nefnt meðal eyðibýla í uppkasti að sóknarlýsingu) og Nunnuhóll, búið 1854-1937. "Lifa enn munnmælasagnir um það, að

[Möðruvalla]nesið hafi legið undir Brekkutorfufjarðir, en prior á Möðruvöllum hafi náð því undir klaustrið. Aðstæður benda til þess, að svo kunni að hafa verið." Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefni í Arnarneshreppi, 85-86.


1917: 26,5 ha, garðar 928 m². 1998: Gamla túnið er allt sléttað en þó sennilega hvergi með jarðýtum og er það allhæðótt á köflum og gæti sumt af þeim misjöfnum verið mannvirkjaleifar. Grónir skriðtaumar sjást víða í vestan- og sunnanverðu túninu. Þaksléttur eru 50-150 m suðvestur af prestbústað. Beðasléttur vestan við s.k. Eggertsfjós voru sléttaðar um 1990. Fyrir utan byggingar á gömlum útihússtæðum eru hvergi nýbyggingar í túninu nema nyrst þar sem 3 einbýlishús hafa verið byggð, á stað sem er á norðurmörkum gamla túnsins. Heimatúnin hafa verið stækkuð til norðurs allt að landamerkjum og einnig lítillaga til suðurs og suðausturs út á Möðruvallamela. Akramýri austan við staðinn hefur verið ræst fram en ekki nema að hluta til gerð að túni. Möðruvallaengi hefur verið sléttað að miklu leyti nema ysti hlutinn en það var víða slétt frá náttúrunnar hendi. Í SSE er getið um smákot sem fóru í eyði er Möðruvellir voru gerðir að amtmannssetri 1784: "Tún þessara kota sumra eru nú komin í órækt, jafnvel þó núverandi amtmaður leggi allt kapp á að rækta þau, sem nálægt hans aðsetri eru, að nýju; en það sýnist nærri ómögulegt í tilliti sumra, nema þau væru byggð upp aftur, og mundi þó torsótt veita vegna áburðarleysis fyrst í stað." SSE, 113



Gamli torfbærinn á Möðruvöllum 1881. Leikhúsið 007 í smíðum suðvestan við bæinn.

EY-068:001 *Möðruvallaklaustur* bæjarstæði bústaður 65°46.232N 18°15.037V Bærinn stóð gegnt kirkjunni og var SV horn hans á móts við NA hornið á Leikhúsinu 007 og mun hann hafa náð svotil alla leið að suðurgafli Stefánsfjóss 006. Bærinn stóð heldur vestar en núverandi íbúðarhús bústjóra frá 1938 en það stendur á svotil sama stað og íbúðarhús það er Stefán Stefánsson lét reisa 1892 og stækka til norðurs 1897. Bærinn var rifinn skömmu síðar nema eldhús sem stóð lengi aftan við íbúðarhús Stefáns og er ýmist talið hafa verið rífið um 1920 eða brunnið með íbúðarhúsinu 20.10.1937.

Steinsteypt hús stendur þar sem hlaðið var framan (austan) við síðasta torfbæinn. Það er ekki með kjallara en grunnur kjallari virðist hafa verið undir forvera þess, timburhúsi á hlöðnum grunni b. 1892. Sunnan við núverandi hús er trjágarður með stæðilegum trjám, m.a. ösp og reyni. Framan við núv. hús er malarbórið hlað en aftan (vestan) við er trjágarður á Öskuhól, sem greinilega er gerður af mannvistarleifum. Grafið hefur verið frá núverandi húsi um 2 m til suðurs og vesturs og þar hreyft við nýlegum ruslögum með gulum múrsteini úr



Skólastjórahúsið á Möðruvöllum, skömmu eftir byggingu þess 1892. Árið 1897 var það lengt til norðurs. Aftanvið húsið sér í gamla torfbæinn.

Friðriksgáfu og 19. aldar postulíni en möl er í sárinu og stendur til að loka því með einhverjum hætti á næstunni. Engar byggingar hafa því verið reistar þar sem síðasti bærinn stóð en í grunni hans eru allmörg stæðileg tré sem sennilega hafa gert usla í hleðslum undir jarðvegi. Annað rask hefur verið sáralítið og fyrir utan lagnir varla farið dýpra en hálfan metra og þá einkum á því svæði sem síðast var hlað.

Frá fyrri tíð er vitað um bæjarbruna á Möðruvöllum 1184, 1317, 1712 og minni háttar bruna 1846, 1849, 1858 og 1867. Sumarið 1846 brunnu bæjardyrnar og portbyggt loft, 1849 brann rjáfrið á eldhúsinu, 1858 kviknaði í herbergi inni í bænum og 1867 kviknaði í svarðarhúsi sunnan og vestan við bæinn - ÞT Ferðabók IV, 25. Bæjarhóllinn, eða svæðið þar sem bær og klaustur hafa staðið, er sennilega miklu stærra en hússtaði síðasta torfbæjarins og nær líklega frá því sunnan við prestbústaðinn og norður að Stefánsfjosi og frá því á hlaðinu milli íbúðarhús og kirkju og vestur fyrir Öskuhól en þar er allhá og brött brekka niður að túninu vestan við. Af teikningu af Möðruvöllum frá 1836 að dæma hefur bærinn náð suður á móts við Friðriksgáfu, staðið vestar en hún og haft suðurenda u.þ.b. á móts við steinhúsið en náð mun lengra til norðurs. Ekki er þó víst að þessi teikning sé mjög nákvæm og má vel vera að listamaðurinn hafi þjappað húsunum saman til að koma þeim fyrir á myndfletinum. Bæjarrústir virðast einnig ná norður undir nyrsta hluta Stefánsfjöss 006 sbr. þessa lýsingu Steindórs Steindórssonar: "Þegar grafið var fyrir hlöðutótt hér um aldamótin síðustu, komu í ljós nokkrar leifar úr brunarústum. Þóttust fróðir menn þekkja, að hinar fornlegustu þeirra væru frá hinum fornu klausturrústum. Hefir það þá staðið lítið eitt norðar og vestar en núverandi íbúðarhús, en síðasti torfbærinn stóð vestur af því." Á teikningu af bænum frá 1856 sést að norðan við bæinn sjálfan er röð af fjórum burstum sem sennilega hafa verið skemmur, útihús o.þ.h. og hafa þær staðið heldur austar en bæjarhúsin, en þó tengd þeim. Þessi hús hafa hæglega geta náð norður undir mitt Stefánsfjós. Hulda Á. Stefánsdóttir lýsir minningum sínum um leifar elsta torfbæjarins á Möðruvöllum sem rifinn var fyrir síðustu aldamót: "Rétt norðan við "Leikhúsið" var gamli bærinn, stór torfbær með burstum, sem snéru í austur. Skömmu eftir að ég man eftir mér var þessi gamli bær rifinn, nema eldhúsið stóð eftir. Þar

voru miklar hlóðir af ýmsum stærðum. Margra grasa kenndi í gamla eldhúsinu. Í einu horninu stóð keytutunna; safnað var í hana keytu í ullarþvottinn. Í öðru horni stóð stór tunna með sortulit til að lita skæðaskinn í spariskóna. Stærðar trébalur voru þar fyrir þvottinn, því eldhúsið var notað sem þvottahús. Stórir pottar voru þar á hlóðunum, þar sem þvotturinn var soðinn og síðan færður upp í balana og þveginn á bretti ... Á haustin var slátur soðið á hlóðunum. Oft var bakað flatbrauð í þeim á kvöldin til að nota glóðina, áður en hún kulnaði með öllu. Eldiviður var borinn inn í eldhúsið á haustin og hlaðið við endann á hlóðunum, svo að hægara væri um vik, þegar kveikt var upp í þeim. Síðast en ekki síst má geta þess, að í eldhúsinu var reyktur allur sá matur, er reykja þurfti, svo að matarlegt var að líta upp í rótina, ekki síst á haustin, þegar búið var að hengja upp allan jólamatin og sitthvað fleira. Sauðskinn voru oft strengd á sköft, sem hengd voru á bita, og þannig þurrkuð í eldhúsinu." Minningar Huldu I, 129. Til er ljósmynd af bænum frá 1881 og sést á henni að syðsta húsið hefur verið stofa með lofti, tveir sex rúðu gluggar er á stafni á neðri hæð og einn á loftinu. Næst norðan við eru bæjardyr og þar norðan við annað hús, lægra en stofan og breiðara en dyrnar. Það hefur líka verið með lofti og eru fjögurra rúðu gluggar, einn fyrir loftinu og tveir niðri, en breitt bil er á milli þeirra þar sem gæti hafa verið dýraop. Ekki er að sjá að fleiri hús hafi verið til norðurs þó það sé ekki útilokað en á milli bæjardyranna og nyrsta hússins sést í tvo strompa á þaki (þökum) sem snúa norður-suður á húsum sem voru vestan við framhúsin. Á ljósmynd frá 1892x97, sem tekin var eftir að Stefán Stefánsson byggð nýtt timburhús á hlóðnum kjallara austan við bæinn sést í bæjardyrnar og hluta af nyrsta húsinu. Bæjardyrnar hafa verið á móts við nyrsta hluta íbúðarhússins en af eldri myndinni (frá 1881) má sjá að syðsta húsið í bænum náði suður á móts við SA hornið á Leikhúsinu 007 og gætu þó hafa verið 2-4 metrar á milli. Íbúðarhús Stefáns virðist líka hafa staðið nokkra metra fram á hlaðinu þannig að gott bil hefur verið milli þess og bæjarins. Af mynd sem tekin var af Möðruvallastað úr suðaustri skömmu fyrir aldamótin 1900 glittir í torfbyggingar í bilinu milli íbúðarhúss Stefáns Stefánssonar sem þá hefur verið stækkað til norðurs og SA-hornsins á Leikhúsinu og gæti það verið eldhúsið sem lengst stóð.

Ýmislegt rask hefur verið á bæjarstæðinu frá seinni hluta 19. aldar og hafa þar komið upp ýmisr gripir. 20. júlí 1912 færði Stefán Stefánsson Þjóðminjasafninu þrjá slíka gripi og segir svo í aðfangabók safnsins: "[Þjms. 6321:] Stefán Stefánsson skólameistari á Akureyri: Steinker úr mjög eygðum grásteini, virðist tilhöggvið, slétt og jafnt að innan, sporöskulagað og mjórri í annan enda innan (skálin) og utan; hæð 39 cm., br. utan 47 cm., innan 32 cm. mest l. utan 52 cm., innan 38 cm. Vafasamt til hvers það hefir verið notað, en stærðin og löguninn bendir á, að það hafi verið keytuker. Það fanst í jörðu á Möðruvöllum í Hörgárdal og var steinlok yfir því er það fannst, en lokið hefir brotnað og týnst. [Þjms. 6322:] Hnífur mjög lítill, líklega forn mathnífur og ryðbrunnið framan af blaðinu, en nú er það 6 cm. að lengd; skaftið er 8,7 cm., að nokkru úr járn en hálf klætt messing, með einföldum grefti á til prýðis. [Þjms. 6323:] Leifar af smáhníf, líklega mathníf, skaftið alt, l. 8 cm., járn í því miðju, - framhald blaðsins, trékinna utan með, klæddar látúnsþynnum yzt; koparkróna á endanum með götum í gegn, sem draga má í. Af blaðinu tveir lítillfjörlegir smábútar; þetta er jarðfundið." Árbók 1914, 60. Ekki er vitað hvar þessir gripir fundust eða hvort þeir fundust allir á sama stað. Hugsanlegt er að þeir hafi komið í ljós við gröft fyrir hlöðu við Stefánsfjós skömmu eftir 1900.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort; Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 129; Steindór Steindórsson, Möðruvellir í Hörgárdal; ÞT Ferðabók IV, 25; Árbók 1914, 60.

EY-068:002 kirkjugarður kirkja 65°46.200N 18°14.965V
Kirkja byggð 1867 af Þorsteini Daníelssyni frá Skipalóni stendur í kirkjugarðinum, sem er austan við hlaðið á Möðruvöllum. Garðurinn er nú 80x55 m (lengri A-V) og hefur verið



Teikning af kirkjunni á Möðruvöllum 1856. Þessi kirkja var upphaflega reist 1787, en Þorsteinn Daníelsson breytti henni mikið og setti á hana turn 1852. Þessi kirkja brann 1865 og reisti Þorsteinn núverandi kirkju á rústum hennar.

lengdur um 10 m til austurs eftir 1917. Nýr kirkjugarður stendur sérstakur á melnum sunnan við Leyning (Barnalaut).

Garðurinn hefur ekki verið sléttður nema í suðvesturhorni þar sem sléttuð var úr hlöðnum leiðum eftir 1990. Annars sést víða í leiði en auk þeirra eru nokkrir gamlir legsteinar, einn framan við kirkjuna og einir 6 suðaustan við hana, m.a. Stefáns Þórarinssonar amtmanns. Nýrri grafir með legsteinum, stakketum og trjám eru einkum í austasta hluta garðsins en einnig eru nokkrar með norðurhlið. Vitað er um tvo rúnasteina úr kirkjugarðinum á Möðruvöllum. Öðrum lýsir Bjarni Thorarensen amtmaður í skýrslu til konunglegrar nefndar um fornminjar 1817 og taldi þá að áletrunin væri ólæsileg. sr. Sigurður Stefánsson fann þennan stein í hlöðuvegg 1933 eða 34 og sendi hann á Þjóðminjasafn, þar sem hann hefur nr. 11071. Anders Bæksted les rúnirnar þannig: "Hér hvílir undir Hjalti Guðmundarson / Hér hvílir Sigmundur prestur Guðmundarson." Þessir menn voru uppi um 1400 og mun þetta því vera einn elsti rúnasteinn sem þekktur er á Íslandi - Bæksted, 156; Árbók 1971, 65. Hin steinninn fann Stefán Stefánsson skólameistari 1893 og segir Björn M. Ólsen svo frá: "Þegar jeg kom að Möðruvöllum í Hörgárdal sumarið 1893, síndi Stefán kennari Stefánsson mér brot af rúnasteini, er hann hafði nífundið við gröft í túninu norður frá kirkjugarði á gömlu kirkjugarðsstæði. Það er hraunsteinn mjög hrufóttur með letur á einum fleti." Árbók 1899, 22. Á steininum varð ekki lesið annað en "helga" en hann er nú glataður - Bæksted, 157-58. Á svipuðum slóðum komu í ljós mannabein er grafið var fyrir skólplögn frá bústjórahusi skömmu eftir 1980 sbr. 004.

Grjóthlaðnir veggir eru norðan og sunnan við garðinn, nema austustu 10 metrana, þar sem er trégrindverk. Trégrindur eru fyrir austur og vesturhliðum garðsins. Grjótgarðurinn sunnanmegin er nýlega viðgerður og sést hleðslan aðeins að utan en að innan er þakið upp á

hann. Norðanmegin er byrjað á viðgerð vestantil en lengstaf er garðurinn þar alveg hruninn. Stórt og gott hleðslugrjót er í þessum görðum, samskonar og í Stefánsfjósi. Grjótgarður gæti hafa verið fyrir austurhlið áður en garðurinn var stækkaður til austurs en trégrind hefur verið fyrir vesturhlið frá því um aldamót að minnsta kosti sbr. minningar Huldu Á. Stefánsdóttur: "Austan við hlaðið stóð kirkjan, fallett og mikið hús, og umhverfis hana var stór kirkjugarður, hlaðinn úr grjóti, nema vesturhliðin var falleg trégrind - skíðgerði með fallegu sáluhliði." Kirkjugarðurinn á Möðruvöllum er einn af fáum óskemmdum kirkjugörðum við höfuðkirkjur á Íslandi og er mikilvægt að hann fái að halda sér eins og hann er.

Hættumat: hætta, vegna líkagraftar

Heimildir: Túnakort 1917; Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur, 128; Bæksted, 155-58.

EY-068:003 þúst hjallur

65°46.176N 18°14.987V

Útihús stóð 20 m suður af suðvesturhorni kirkjugarðsins en þar er nú grasflöt með ójöfnum, vestan við heimreiðina og er skilti með nafni staðarins nú þar sem norðurgafli hússins hefur verið. Vestan við þar sem húsið hefur staðið er nú dálítill upphækkun og á henni steinn til minningar um Jón Sveinsson.

Grasflöt, malarvegur er fast austan við og skurður fast sunnan við og eru ungar trjáhrislur þar í suðurgafli tóftarinnar.

Tóftin hefur verið sléttuð en þó sést móta fyrir hvar hún hefur verið. Hún hefur snúið N-S. Hulda Á. Stefánsdóttir segir frá þessu húsi í endurminningum sínum: "Hjallur var fyrir sunnan skólahúsið ..." Þessi bygging sést ekki á ljósmyndum sem teknar voru af Möðruvöllum úr suðaustri um og skömmu fyrir aldamótin 1900 og bendir það til að hann hafi ekki verið byggður fyrr en eftir aldamót.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 129

EY-068:004 heimild um rétt

65°46.204N 18°14.973V

Hestarétt var sambyggð kirkjugarðinum að norðanverðu, gegnt suðurenda Stefánsfjóss.

Á þessum stað er óræktarblettur milli hlaðsins og grasflatar. Á grasfletinum sem er um 20x20 m, eins og réttin sem sýnd er á túnakorti, er gras en mest þó fíflar og ógrónar skellur inn á milli eins og stutt sé síðan eitthvað stóð á staðnum. 3 grenitré standa við hlaðið í röð út frá kirkjugarðinum.

"Áföst við kirkjugarðinn að norðan var hestaréttin, stór og mikil rétt, sem einnig var notuð sem fjárrétt; þykkir torfveggir umkringdu hana, og mikil trégrind var fyrir réttardyrum að vestan." Af teikningu frá 1856 má ráða að þá hafi lítið útihús staðið á þessum stað og á annari frá 1836 er sýnt lítið útihús, sem líkist hjalli frammi á hlaðinu, en hlutföllin í þeirri teikningu eru ónákvæm. Þegar skólplögn var lögð frá bústjórahusi skömmu eftir 1980 kom í ljós mannabein í vegkantinum á þessum stað. Þau voru sett niður aftur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 128

EY-068:005 Fjóshólar heimild um fjós

65°46.268N 18°14.973V

"Yzt og neðst á heimatúninu eru Fjóshólar. Þar var fjósið fyrrum og nú er risið þar nýtzikulegt 40 kúa fjós með heygeymslum mjög reisulegum." segir í örnefnalýsingu. Hulda Á. Stefánsdóttir segir svo frá fjósinu: "Gamla fjósið stóð skammt frá læknum norðan við mylluna. Það var orðið mjög hrörlegt, þegar ég man það, og því ekki vanþörf á nýju fjósi." 1917 stóð útihús vestast og syðst á Fjóshólum um 80 m norður af norðvesturhorni kirkjugarðsins og um 20 m austan við gatnamót Möðruvallavegar og heimkeyrslu að nýjum íbúðarhúsum. Þar mun síðar hafa verið hesthús en fram um 1990 voru tveir braggar á þessum stað, notaðir sem vélageymslur. Rafmagnskassi er nú fast norðan við þar sem fjósið hefur

staðið. Í túni. Möl er í grasrótinni, moldarflög og gisin grasrót eru til marks um hvar braggarnir stóðu.

Fjóshólar eru lágur rani í túninu norðan við kirkjuna, en svonefnt Eggertsfjós (byggt um 1950) er á þeim norðanverðum um 50 m norðan við þennan stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar og vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Arnarneshreppur, 86; Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 131

EY-068:006 Stefánsfjós hús fjós

65°46.219N 18°15.043V

"Gamla Möðruvallafjósið, svokallað Stefánsfjós, sem Stefán skólameistari lét reisa skömmu fyrir aldamótin 1900 stendur enn að nokkru. Í því er mikið af tilhöggnum steini úr Bjargafjalli og músteini úr amtmannssetrinu Friðriksgáfu, er stóð þar sem prestseturshúsið stendur nú." segir í örnefnalýsingu. Hulda Á. Stefánsdóttir segir í minningum sínum um þennan stað: "Rétt fyrir norðan og aðeins austan við gamla bæinn voru skemmur og hesthús, samfelld bygging. Hesthúsið var aðallega ætlað fyrir brúkunar- og reiðhesta að vetrinum. Þessi bygging var rifin, þegar nýja fjósið var byggt 1902, og hlaðan grafin sunnan við fjósið." Aðrar heimildir telja fjósið byggt 1897. Stefánsfjós er um 10 m norðan við bústjórakús (sbr. 001), vestan við hlaðið, norðvestur af kirkjunni.

Yst og neðst í eða við bæjarhól. Hlað er austan og norðan við, möl og órækt á hólmyndun vestan við þar sem er gamalt athafnasvæði og aðkeyrsla að hlöðunni sem er sunnan við fjósið.

Hulda Á. Stefánsdóttir segir svo frá byggingu Stefánsfjóss: "Skömmu eftir að skólahúsið brann 1902 var ráðist í mikla fjósbyggingu á Möðruvöllum. Nú var múrsteininn, sem þar hafði verið milli þils og veggjar, hrúga ein ... Pabbi keypti múrsteininn og lét hlaða úr honum þá hlið fjóssins, sem sneri fram að hlaðinu. Að öðru leyti voru fjós, hlaða og haughús byggð úr grjóti, sem sprengt var úr Bjargaklöppum, sem svo eru nefndar, nema stafnar, sem voru úr timbri ... Bekkur og stólar voru hvítskúraðir, sömuleiðis básarnir, sem voru úr tré, en básstokkar steypdir ... Miklar sögur fóru af þessu fjósi, sem tók 20 kýr; ... Vatn var leitt úr bæjarlæknum í fjósið. ... Mikil hlaða var sunnan við fjósið og haughús meðfram vesturhliðinni. Í norðurenda voru tveir básar fyrir nautin og kálfastía. Skilrúm var þar fyrir framan og 3 eða 4 básar fyrir brúkunarhross þar fyrir framan." Minningar I, 109. Húsið er með þremur grjóthleðnum veggjum, en það eru austur- og vesturveggir fjóssins og suðurveggur hlöðunnar. Gaflar eru nú úr timbri en fram til um 1980 voru steypdir gaflar á húsinu. Um leið og þeir voru rifnir var tekinn niður torfkofi (hesthús) norðan við norðurstafinn. Austurveggur fjóssins er hlaðinn úr gulum múrsteini sem var áður í Friðriksgáfu, en hleðslugrjót er í undirstöðunni. Á honum eru 5 gluggar og eru í fjórum þeirra járngrindur fyrir 12 rúður í hverjum. Vesturveggur fjóssins og suðurveggur hlöðu eru hlaðnir úr tilkomumiklu hleðslugrjóti. 3 lítil göt eru á vesturveggnum og var skít mokað út um þau. Austurveggurinn er múrhúðaður að utan með 25-40 sm þykku lagi af steypu með möl, og er það raunar eins og annar veggur sé steypdur utan á hinn hlaðna vegg. Múrveggurinn sjálfur er 46 sm þykkur og 1,25 - 1,45 m hár. Ofan á múrvegg og grjóthleðslu í öllum veggjunum hefur verið steypd um 50 sm og hvílir þakið á þessu. Steypan er gömul sem sést af því að mikið af möl er í henni en járn stendur útúr á einum stað og er því ekki víst nema að steypiti hluti veggjanna sé yngri en múrsteina- og grjóthleðslurnar. Þakið er einangrað með torfi og er timburþilið innan á því, sem virðist gamalt, orðið mjög illa farið. Fjósgólfíð er steypd að mestu leyti og er sennilegt að mikið af því sé gamalt. Hlaðan snýr þvert á fjósendann og hefur náð lengra til vesturs en núverandi gafl með járnklæðningu. Í eystri hluta hlöðunnar er steypd gólf í sömu hæð og fjósgólfíð en vestari hlutinn, aðskilinn á parti af 10 sm þykkum steypuvegg sem auðsýnilega er yngri en aðrir hlutar hússins, er a.m.k. 1,5 m dýpri og sést í grjóthleðslur a.m.k. svo djúpt. Í hlöðunni er talsvert af múrhúð sem klínt hefur verið á grjóthleðslurnar að innan þó ekki þannig að þær séu huldar nema að hluta. Húsið er illa farið

en á því er nýlegt járnþak og gaflar á norður enda fjóss og austur og vesturgöflum hlöðu eru ekki annað en grindur með léttri klæðningu (járn á vesturgafli hlöðu, nýlegt timburþil á hinum). Í bígerð er að gera húsið upp og hafa þar náttúrusýningu. Húsið var notað sem hesthús til skamms tíma. Steindór Steindórrson segir í grein um Möðruvelli: "Þegar grafið var fyrir hlöðutótt hér um aldamótin síðustu, komu í ljós nokkrar leifar úr brunarústum. Þóttust fróðir menn þekkja, að hinar fornlegustu þeirra væru frá hinum fornu klausturrústum. Hefir það þá staðið lítið eitt norðar og vestar en núverandi íbúðarhús, en síðasti torfbærinn stóð vestur af því."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Arnarvatnshreppur, 86; Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 109, 129; Steindór Steindórrson: Möðruvellir í Hörgárdal.

EY-068:007 *Leikhús* hús skemma 65°46.200N 18°15.031V

Um 25 m suðvestur af bústjórakúsi og um 30 m norður af prestbústað er Leikhúsið, ferhyrnd timburbygging og stendur hún á lítilli upphækkun norðanfrá séð en slétt er upp að henni að sunnan. 15 m eru á milli Leikhússins og fjárhúshlöðu vestan við prestbústaðinn.

Í trjágarði, á bæjarhól

Húsið er tvær hæðir og stendur á hlöðnum sökkli. Það er nú styttra en í upphaflegri mynd og náði áður lengra til vesturs og standa þar þverbitar út úr að neðan. Dyr eru nú á suður- og norðurhliðum. Húsið virðist í slæmu ástandi en unnið er að endurbótum. Hulda Á. Stefánsdóttir segir svo frá þessu húsi: "Aðeins vestan og norðan við skólann var "Leikhúsið". Það sneri stöfnum í austur og vestur. Var þetta allstórt timburhús með gluggum á stöfnum og suðurhlið og hólfað í tvennt. Vesturhlutinn var notaður sem íþróttasalur; þar glímdu skólapiltar og lærðu leikfimi. En svo var þetta hús einnig notað sem samkomuhús sveitarinnar; þar var mikið dansað, sungið, leikið og skemmt sér. Enginn húsbúnaður var í þessum samkomusal nema mjóir trébekkir meðfram veggjum og 3-4 8-línu lampar, sem héngu þar á þilinu. Útidyr voru vestarlega á suðurhlið, og innangengt var í austurendann. Þar var geymsla, bæði fyrir skólann og bóndann, sem sat jörðina. Austurendinn var nefndur "Pakkhús"; alls konar amboð voru þar inni, taðkvarnir, taðspaðar, orf, hrífur, klárur o.s.fr.v. Stigi úr "Pakkhúsinu" lá upp á loft, sem var yfir því. Þar var geymsla fyrir mat, sem þoldi frost, svo sem saltkjöt, saltfisk, tólg, kæfu, harðfisk o.fl. Pakkhúsdynar sneru móti suðri, og var gríðarstór steinhella fyrir framan dynar. Á messudögum fjölmenntu krakkarnir, sem komu til kirkju, suður fyrir "Pakkhús". Góðir felustaðir voru þar inni, og á hellunni sat Ásgrímur snoðinlollur í samnefndum leik. Þá var hellan tilvalin staður fyrir kónginn með alla fuglana sína í fuglaleik. Saltbrauðsleikur fór einnig fram á hellunni." Í Sögu menntaskólans á Akureyri er svo greint frá byggingu Leikhússins: "Á fjáráukalögum sumarið 1881 veitti Alþingi 5500 krónur til smíði geymslu- og leikfimishúss fyrir skólann og var það reist þá um haustið, næst norðan skólahússins ... Yfirsniður var Snorri Jónsson, smiður og kaupmaður á Akureyri. Hús þetta gekk ávallt undir nafninu Leikhúsið. Var leikfimisalurinn 10x12 álnir að gólfrými (um 6.3x7.6 m). Ekki þótti þetta hús vandað. "Síðast og að vísu sízt ber að telja "leikhúsið". ... Var það lítt innviðað, nema skilrúm þvert um það austar nokkru en um miðju. En í hinum stærra (vestara) hluta var stórt salsgólf. Átti hús þetta að vera leikfimiðhús, en var það ekki og varð víst aldrei. Þó var það piltum nokkurs virði, sem síðar greinir. Á fánstöng þess var íslenzka fálkamerkið dregið við hátíðleg tækifæri. (Jón Björnsson, Minningar, 27-228). Þótt lítið þætti til hússins koma voru haldnir í því dansleikir sem settu einna mestan svip á félagslíf æskufólks á Möðruvöllum í þá daga. Í þessu húsi mun einnig hafa verið leikið og auk þess bjargaðist það í brunanum 1882, því vindur stóð af norðvestri og af húsinu, sem stendur raunar enn að hluta, eina minningin á Möðruvöllum um skólahald þar." Saga MA I, 78. Til er mynd af Möðruvallaskóla stekin síðsumars 1881. Þá er Leikhúsið í smíðum og sést að það hefur verið amk tvöfalt lengra en það er nú, austast eru dyr og svo gluggi á suðurhlið



eins og nú en þar vestan við taka við tveir gluggar og svo dyr við endann og er sá hluti allur horfinn. Vestari hluti hússins var rifinn veturinn 1911-1912 og var viðurinn notaður í viðbyggingu íþróttahúss Menntaskólans á Akureyri ("Fjósið"). Eftir að vestari helmingur hússins var rifinn var skúrbygging við vesturendann, á.a.g. 1,5 m löng en hún hefur nú verið rifin. Finnur Birgisson gerði úttekt á húsinu 1992: "Á vesturstafni sést að syllurnar hafa verið sagðar í sundur þegar vesturparturinn var rifinn og standa þær dálítið út úr stafninum. Á stafninum eru nokkur borð sviðin eins og eftir bruna. Vestan á húsinu er viðbygging úr steinsteypu og timbri og er hún mjög léleg, veggir sprungnir og þak fallið. Hún var full af gömlu heyi, þegar húsið var mælt, en í Leikhúsinu var geymt timbur og annað dót tengt viðgerð Möðruvallakirkju. Risið var þó tomt. ... Parturinn sem eftir stendur af Leikhúsinu er ... geymsluhúsið, og er hann 6,45 x 7,4 m að utanmáli, eða nokkurnvegin 10 x 12 álnir. Bil milli stoða á langveggjum er nákvæmlega 2 1/2 alin (1,57 m). Eftir myndum að dæma hefur leikfimislatuinn verið 5 slík bil til viðbótar, eða 12 1/2 alin að lengd. Geymsluhúsið er mjög einfalt að gerð, óeinangrað og ekki klætt að innan. Aurstokkar eru úr 7" trjám, en stoðir, skástoðir, syllur og lausholt úr 5"-6" trjám. Viðirnir eru að mestu upprunalegir, en þó hefur þakið einhverntíma verið endurnýjað og settar nýjar sperrur og skambitar. Svo er að sjá sem gólf rishæðar hfi upphaflega ekki verið með þeim hætti sem það er nú, heldur hafi það verið sett síðar. Gólf gæti í upphafi hafa verið ofar, með gólfbitum sem lágu ofan á syllunum og eru endar þeirra enn á sínum stað, en einnig er hugsanlegt að ekkert milligólf hafi verið í upphafi. Niðri er að hluta timburgólf en að hluta moldargólf. Veggklæðningin lítur út fyrir að vera upprunaleg, standandi klæðning úr 3 cm þykkum og 17-19 cm breiðum borðum með listum yfir samskeytum. Á vesturstafni eru þó ekki listar heldur hefur þar verið settur tjörupappi yfir klæðninguna. gluggar eru á húsinu og eru karmarnir sennilega upprunalegir, svo og miðjupóstur á austurstafninum en grindur eru ekki lengur í þeim. Inn í húsinu voru lausar grindur, sem pössuðu alveg við gluggana, og var farið eftir þeim við gerð teikninganna. Undirstaða hússins er hlaðin úr grjóti og hefur hún sigið og bilað í tímans rás. Stafnarnir virðast þó vera nokkuð réttir en hliðarnar talsvert signar, suðurhliðin ívið meira, enda er undirstaðan ver farin þeim megin og aurstokkurinn brotinn. Grindartrén eru flest heilleg og ófúin, nema aurstokkarnir. Gluggakarmarnir eru furðu heillegir, nema sá á suðurhlið sem hefur skekkst. Veggklæðningin er illa farin, fúin neðst, enda liggur jarðvegur víðast upp að henni. Vatnsbretti neðan við hana er víðast horfið. Dyr á húsinu er óvandaðar að gerð og ekki gamlar." Finnur Birgisson, greinargerð 1992.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Arnarneshreppur, 87; Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 129; Saga MA I, 78, 215; Finnur Birgisson: Leikhúsið á Möðruvöllum. Stutt greinargerð [1992]

EY-068:008 *Miðhús* heimild um útihús 65°46.273N 18°15.438V

45 m sunnan við geldneytafjós sem er efst og yst í Möðruvallatúni, heldur sunnar en upp af nýjum íbúðarhúsum norðvestan við staðinn, hefur staðið útihús. Þar er smábakki eða brún í túninu með dekkra grasi og meira af fíflum en annarsstaðar. Ofan við þennan bakka er hvompa í túninu um 2x3 m að stærð. Í túni

Lítur út eins og rof úr stóru fjárhúsi sem hefur verið rutt niður og jafnað úr. "Önnur peningshús stóðu efst og vestast í túninu. Voru þau flest mjög reisuleg með máluðum timburpiljum í austur. Syðst voru hin svokölluðu Hjaltalínshús, svo komu Sauðhúsin og síðan Miðhús, en norðast voru Lækjarkakkaúsin ... Hlöður voru við tvö hin síðastnefndu hús ... " segir Hulda Á. Stefánsdóttir í minningum sínum. Þetta hús var jafnað við jörðu um 1985 að sögn Bjarna Guðleifssonar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 131

EY-068:009 heimild um hlöðu

65°46.285N 18°15.445V

Útihús stóð skv. túnakorti 10-15 m suðvestan við Miðhús 008 og verða leifar þessara tveggja húsa nú ekki greindar sundur í túninu, en vera má að þetta hús, sem hefur verið stakstæð hlaða, hafi staðið suðvestan við lægð sem er fast suðvestan við 008, en engin sérstök ummerki sjást um það í túninu. Í túni.

"Önnur peningshús stóðu efst og vestast í túninu. Voru þau flest mjög reisuleg með máluðum timburpiljum í austur. Syðst voru hin svokölluðu Hjaltalínshús, svo komu Sauðhúsin og síðan Miðhús, en norðast voru Lækjarkakkahúsin ... Hlöður voru við tvö hin síðastnefndu hús ..." segir Hulda Á. Stefánsdóttir í minningum sínum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 131

EY-068:010 Lækjarkakkahús heimild um útihús

65°46.329N 18°15.364V

"Önnur peningshús stóðu efst og vestast í túninu. Voru þau flest mjög reisuleg með máluðum timburpiljum í austur. Syðst voru hin svokölluðu Hjaltalínshús, svo komu Sauðhúsin og síðan Miðhús, en norðast voru Lækjarkakkahúsin, en Lækjarkakki hét völlurinn nyrst í túninu, norðan við bæjarlækinn. Hlöður voru við tvö hin síðastnefndu hús ..." segir Hulda Á. Stefánsdóttir í minningum sínum. Rétt norðan við lækjarfarveginn, um 75 m norðan við Miðhús 008 og um 30 NNA af geldneytafjosi var tóft í túninu. Þar er nú misgróinn blettur með kafgrasi á pörtum en dauðum skellum og fíflaknippum á milli, og mun þar vera stutt niður á grjóthleðslur. Þessi staður er fast norðan við vírgirðingu sem er norðan við fjósið, beint upp og vestur af syðsta húsinu af þremur nýjum íbúðarhúsum í túninu norðvestur af staðnum.

Í túni og hefur í sumar (1998) a.m.k. ekki verið slegið nema upp að þessum bletti að austan. Meðfram vírgirðingunni sem er noraðn við hússtæðið hafa tré verið gróðursett en megnið af hússtæðinu mun vera norðan við skógræktarsvæðið.

Í sóknarlýsingu frá 1841 er Lækjarkakki talinn sem eyðibýli og er væntanlega eitt þeirra smákota "sem voru í kringum Möðruvallaklaustur en sem lögðust í eyði, þegar það varð amtmannssetur." SSE, 113 sbr. 122. Um 40 m ofan og vestan við fjóshlöðuna og um 80 VSV af Lækjarkakkahúsum er gróinn kantur, allreglulegur, sem liggur á ská þvert á hlíðina SV-NA og sér í grjót í grasrótinni. Gæti verið náttúrulegt en einnig er hugsanlegt að þetta sé skriðuvörn, túngarður eða vatnsrás gerð af mannahöndum. Bjarni Guðleifsson telur að þessi garður standi í sambandi við vatnsból sem var í læknum ofan við rjómaþúfið um 1978. Í sama túni og Lækjarkakkahús en um 70 m norðar er hringlaga hvilft, 15-20 m í þvermál á svölíttli upphækkun og gæti það einnig verið mannvirkjaleifar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 131, SSE, 113, 122



EY-068:011 Sauðhús tóft fjárhús 65°46.229N 18°15.559V

"Önnur peningshús stóðu efst og vestast í túninu. Voru þau flest mjög reisuleg með máluðum timburpiljum í austur. Syðst voru hin svokölluðu Hjaltalínshús, svo komu Sauðhúsin og síðan Miðhús, ..." segir Hulda Á. Stefánsdóttir í minningum sínum. Tóft sauðhúsa sést enn og er hún 110 m sunnan við Miðhús 008 og um 350 m vestan við prestbústað, um 40 m sunnan við girðingu sem skiptir landi Möðruvallabýlanna. Í túni.

Veggir eru mjög útflattir og er kafgras á þeim, nema á austur-langvegg sem er snögg-gróinn og þar glittir í grjót úr hleðslum. Tóftin er 16x4 m að innan, snýr N-S og virðist hafa verið skipt í þrjú u.þ.b. 4x4 m hólf. Dyr eru sjást ekki. Sauðhús voru skráð 1985 og hlutu númerið 135. Gerður var uppdráttur af rústinni svipaður þeim sem gerður var 1998 nema

að 1985 eru sýndar dyr milli hólfa og syðsta hólfið látið vera sýnu minna en hin. Lýsing fylgir á sama blaði en var ekki færð inn í skráningarbók: "Í túni um 400 m NV af bænum. Rústin er þrískipt. Innri veggjarbrún allt að 40 cm há. Ytri veggjarbrún um 80 cm há."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 131; GÓ 1985

EY-068:012 heimild um útihús 65°46.129N 18°15.561V

Útihús stóð þar sem nú er steipt fjárhús, byggt 1954, efst og syðst í Möðruvallatúni, um 40 m vestan við Hjaltalínshús 013 og um 100 m NNV við Nunnuhól.

Fjárhús með hlöðu. Svað í kring en tún umhverfis

Af afstöðu að dæma og stærðarmun gæti þetta hús hafa verið hlaða frá Hjaltalínshúsi 013, en Hulda Á. Stefánsdóttir getur þess ekki í minningum sínum. Gæti það bent til að hlaðan hafi verið nýgerð er túnakortið var gert 1917.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-068:013 Hjaltalínshús þúst útihús 65°46.128N 18°15.459V

"Önnur peningshús stóðu efst og vestast í túninu. Voru þau flest mjög reisuleg með máluðum timburþiljum í austur. Syðst voru hin svokölluðu Hjaltalínshús, ..." segir Hulda Á. Stefánsdóttir í minningum sínum. Hjaltalínshús stóðu 40 m austur af hlöðu (?) 012, þar sem nú eru fjárhús efst og syðst í Möðruvallatúni, og um 70 m beint norður af Nunnuhóli. Á þessum stað er svolítill upphækkun og á henni grjóthrúga og ýmiskonar drasl.

Í túni skammt frá fjárhúsum.

Húsin hafa verið rifin og þeim ýtt til en ekki hefur verið sléttað úr þeim alveg heldur eru rofin eftir og á þeim grjóthrúga, þ.á.m. stepuleifar. Til er ljósmynd af Hjaltalínshúsum frá 1952 (tekin af Ágústi Sigurðssyni) og hafa húsin þá verið tvístæðuhús, með þriðja húsinu (mögul. hesthús) sunnanvið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 131

EY-068:014 Nunnuhóll bæjarhóll bústaður 65°46.058N 18°15.484V

"Sunnan og ofan við gamla túnið var býlið Nunnuhóll. " segir í örnefnalýsingu. Nunnuhóll er aflangur náttúrulegur hóll uppundir fjallsrótum, efst og syðst í gamla Möðruvallatúni, um 25 m norðan við túngarð og um 60 m sunnan við Hjaltalínshús 013. Af túnakorti að dæma hefur bærinn staðið sunnarlega á hólnum.

Náttúrulegur hóll með byggingaleifum á, slétt tún í kring. Hóllinn er framhald malarása sem eru neðst í fjallsrótunum í Bjargalandi, sá nyrsti af þeim myndunum.

"Syðst og vestast í túninu stóð bærinn Nunnuhóll uppi á háum hól. Lítil torfbær, en þó aðlaðandi, að mér fannst. Þegar komið var inn í bæjardyrnar, var skáli á vinstri hönd; þar var geymsla. Innan við skellihurðina í miðjum göngunum var hlóðaeldhús til hægri, en búr á vinstri hönd. Gengið var inn og upp í baðstofu litlu innar. Hún var í tveim hólfum, frambaðstofa og suðurhús; voru gluggar í vestur á báðum og stafngluggi á suðurhúsinu." Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 131.



Nunnuhóll mun fyrst byggður 1854 af dönskum manni, Jens Jensen, og virðist þar löngum hafa verið hálf-sjálfstæður búskapur eða allt til 1937 að bærinn brann. Hústöftirnar eru óljósar en tveir ferhyrdir kálgarðar sjást vel. Rof er á nokkrum stöðum og sést víða í

grjóthleðslur. Nunnuhóll var skráður 1985 og hlaut þar númerið 129: "[Lega] Um 300-400 m í suðvestur frá kirkju. Rétt suðaustur frá fjárhúsum. [Staðhættir] Sléttlendi og smápýft í kring. Tún austan við. [Lýsing] Stór bæjarhóll, 63x30 m að ummáli, og um 3ö4 m hár. Á norðurhluta hólins eru greinilegar bæjarrústir með útlínum veggjanna eru [svo] 1.3 m br. og allt að 40 cm háir. Sunnan í hólum hafa verið gerðir kartöflugarðar eða eitthvað þ.h., einnig í SA-hornið. Bæjarrústin virðist vera 2 stór herbergi þversum og 2 minni herbergi til endanna. Í austurhlið hólins er greinileg grjóthleðsla um 30 cm há, 2-3 steinaraðir. [Athugasemdir] Hóllinn virðist hafa hlaðist upp á mjög löngum tíma."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Arnarneshreppur, 87; Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 131; GÓ 1985



Byggingateikning af Friðriksgáfu, reist 1826

EY-068:015 *Friðriksgáfa* heimild um bústað 65°46.196N 18°14.994V

Friðriksgáfa, byggð 1826, stóð á sama stað og prestbústaðurinn nú. Hún hefur náð jafnlangt í vestur og núverandi hús en heldur lengra til norðurs en þar hefur verið komið niður á múrsteinahleðslur. Undir steinsteyptu húsi, garður í kring

Friðriksgáfa hefur staðið syðst á bæjarhólum, sunnan og austan við torfbæinn. Ekki er vitað hvort amtmannshúsið svokallaða, sem brann 7.2.1826, stóð á sama stað. Friðriksgáfa brann 21.3.1874 en sumarið 1879 var skólahús byggt á grunninum. Það var múrað í binding og notaður múrsteinn úr Friðriksgáfu. Skólahúsið var alveg jafnstórt og Friðriksgáfa, en þau hafa verið tvöfalt stærri en núverandi prestbústaður b. 1938 og 1952, og náð lengra í norður og austur. Til eru nákvæmar lýsingar og uppdrættir af skólahúsinu: Minningar Huldu Á.



Stefánsdóttur I, 131-135; Saga MA I, 69-78; Minningar frá Möðruvöllum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 131-135; Saga MA I, 69-78; Minningar frá Möðruvöllum.

EY-068:016 heimild um kamar 65°46.185N 18°14.988V

5-10 m vestan við hjallinn 003 og um 10 m sunnan við minningarstein um Jón Sveinsson, SSA af prestbústað, á skurðbarmi stóð kamar sem notaður var í tíð gagnfræðaskólans á Möðruvöllum. Gróin þúst á skurðbakka, grasflöt í kring, ungar trjáplöntur á henni.



Friðriksgáfa að ofan, brann 1874. Skólahúsið að neðan, reist á rústum Friðriksgáfu 1879, brann 1902.

"Hjallur var fyrir sunnan skólahúsið og stórt náðhús, kamar, fyrir vestan það. Var hann byggður yfir stórri safnþró, hólfaður í sundur, og var einn klefinn sérstaklega ætlaður fjölskyldu skólastjórans." segir í minningum Huldu Á. Stefánsdóttur. Steypuleifar komu í ljós á þessum stað er verið var að koma minningarsteinum um Jón Sveinsson fyrir.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 129

EY-068:017 Karlskofi þúst bústaður

65°47.030N 18°12.902V

"Yzt á (Möðruvallaengi) heitir Möðruvallanes, oft nefnt aðeins Nes. Á því miðju eru tóftabrot, sem heita Karlskofi. Talið er að einhvern tíma hafi hafzt þar við maður, sem gætti engjanna, sem fjarst eru bænum." segir í örnefnalýsingu. Karlskofi er á smáhól sem er eina mishæðin í Möðruvallanesi, um 80 m norðan við Hörgá, í línu milli Skipalóns og Hallgilsstaða, um 500 m ANA af Neskotshólum.



Á breiðu og grösugu, náttúrulega sléttu engi á bökkum Hörgár. Engið er ekki slegið lengur og munar þó litlu að það sé véltækt, aðeins smáþúfnakollar hér og þar.


Ekki er skýrt tóftarlag á þessum hól, en þó eru beinar brúnir sem sýna að þetta eru ótvírætt mannvistarleifar. Brúnirnar eru á 16x16 m palli, að innan má með vilja greina eitt hól langseftir norðurhlið en sunnan við eru þrjár hvompur. Sunnan



við brúnina er ógreinileg dæld sem gæti verið eldri byggingaleifar. Gæti hafa verið heystæði síðast. Í uppkasti að sóknalýsingu frá 1841 stendur "Möðruvallaklaustursnesi" þar sem verið er að telja upp eyðikot í sókninni og má vera að það vísi á þennan stað. Ef svo er þá á væntanlega við hann það sem segir á öðrum stað í lýsingunni að smákot hafi verið í kringum Möðruvallaklaustur en þau hafi lagst í eyði þegar jörðin varð amtmannssetur 1782. SSE, 112, 124. Má vera að þetta eigi við Neskot frekar en Karlskofa.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Arnarneshreppur, 85



EY-068:018 Neskot bæjarstæði býli

65°46.707N 18°13.548V

"[á Neskotshólum] Sést ... vel fyrir tóftum og garðbroti, enda er ekki lengra en um tvær aldir síðan þar var býli, er hér Neskot." segir í örnefnalýsingu. Tóftir Neskots eru suðvestan undir Neskotshólum, sem er þyrping af malarhólum ofan (norðvestan) við Möðruvallaengi, um 400 m beint austur af Þjóðvegi (í stefnu frá Hallgilsstöðum) en um 500 m norðaustur af bragganum í Spónsgerðislandi. Tóftirnar eru 30-50 m norðan við slétt tún (Nýja Flæðiengi) sem rafmagnslína liggur yfir og er hún fast vestan við tóftirnar. Austasti rústahóllinn er uppi í kverk milli tveggja hóla, miðhóllinn þar skammt vestan við á jafnsléttu en þriðji hóllinn er 70 m vestar á jafnsléttu. Allstór vallendisblettur milli malarhóla og engjanna sem nú eru framræst tún.

Austast, uppi í hvilftinni milli tveggja melhóla er stór rústahóll með hringlaga rúst ofan á og er önnur, mögulega eldri, aflöng frá N til S, tvíhólfa, vestaní. Annar stór rústahóll er um 40 m vestar niðri á flötinni og er suðurendi hans alveg við sléttaða túnið. Þessi hóll er ekki síður hár en hinn, en er aflangur með eitt lítið hól syðst og annað stærra, hugsanlega tvískipt í syðri helming. 6 m vestan við þennan hól er skeifulaga gerði, 21 m langt frá norðri til suðurs og 18 m breitt frá austri til vesturs. Gerðið er hæst að austan en lægst syðst og gætu þar hafa verið dyr. 15 m norðan við norðurendann á aflanga hólum er endi á garði sem rekja má samfleytt undir vesturhlið melhólsins út í mýri sem er norðan við hann. Mögulega eru

leifar af öðrum garði samhliða þessum, um 20 m vestar. Um 70 m vestan við skeifulaga garðinn er rústahóll og er á honum vestantil aflöng rúst, 10x8 m en undan hennir gengur hringlaga rúst eða garður um 7 m til austurs og 2 m til suðurs. Þessi rúst er vestarlega á suðurbrún vallendisflákans sem teygir sig til vestur frá Neskotshólum og gæti haf verið túnstæði Neskots. Fast sunnan við þessa rúst er blaut mýri. "Neskot hét til forna í Möðruvallanesi." segir í upptalningu á eyðibýlum í sókanlýsingu frá 1841 og má vera að það hafi verið eitt af þeim kotum sem þar er sagt frá að hafi lagst í eyði er Möðruvellir urðu amtmannssetur 1782 - SSE, 112, 122.

Guðmundur Ólafsson skráði fornleifar í Neskoti 4.8.1985 og gefur austari rústahólunum tveimur og garðinum aðskilin númer. Auststi hóllinn er nr. 123: "[Lega]: Í Neskotshólum, milli syðsta og vestur hól að vestanverðu, [Staðhættir] Grasi gróið, með hólum vestan, austan og norðan við. Er á um 1 m háum hól (bæjarhól). [Lýsing]: Þetta er nokkuð ógreinilegt og virðist vera gamlar rústir. Það lítur út fyrir að vera þrjú herb. hér. Eitt þeirra sést betur en hin. Veggirnir eru mjög breiðir og halla út á við. Þeir eru 2 m br. og í herb. a) eru þeir 40 cm [háir] í hinum um 20 cm. Það getur verið að a sé aðeins grafið niður í litlu hæðina sem rústin stendur á. Það er mjög hátt gras - herra en í kring - á rústinni sem gerir erfiðara að greina herb. skipun. Innanmál eru a) 5.5x6 m, b) 5.5x7 m, c) 3x3 m. Ekki er hægt að greina inngang í þetta." Á uppdretti sem fylgir er a) svotil ferhyrnt hólf vestantil á hólnum, b) er suðaustantil en c) nyrst [áttatákni hefur snúist við á þessari teikningu]. Aflangi rústahóllinn var 1985 skráður sem nr. 124: "[Lega] Um 20 m suðvestur af rúst nr. 123. Við horn á túni - og við girðingu. [Staðhættir] Grasi gróið svæði. [Lýsing] Þessi rúst er mjög ógreinileg. Hún er ofan á smávegis upphækkuðu svæði um [...] það er meira gras á henni en er í umhverfinu. Mjög erfitt er að greina herb. skipun en það sést móta fyrir þrem og mögulega fjórum herb. Erfitt er að greina ytri mörk veggja. Utanmál er 10.5x9 m (u.þ.b.). Herb. a) 4x2.5 m b) 1.5x1.5 m c) 1.5x1.5 m d) [ef það er þar] 3.5x2 m að innanmáli. Sunnan við þetta gætu verið fleiri herb. en þau eru ógreinanleg nema að því leyti að þar er landið herra." Garðurinn fékk númerið 128 í skráningunni 1985: [Lega] Vestur af vestasta hólnum. [Staðhættir] Móar. [Lýsing] Garðurinn er mjög greinilegur, 2.5 m breiður og 1 m hár, liggur frá lítill tjörn að rúst 124."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Arnarneshreppur, 86; GÓ 1985

EY-068:019 heimild um áveitu

65°46.520N 18°13.714V

"Fram af Skeiðmel er Flóðgarður, og heitir Alda norðan við hann, vestast. (...) Sunnan við Flóðgarð og að Skeiðmel heitir Gamla-Flæðiengi. Þar sunnan við er Spóngerðisstykkið, einnig takmarkað af flóðgarði. Meðfram því fellur Staðará, sem þarna er einnig nefnd Spónsgerðiskill." segir í örnefnalýsingu. Þessi stykki og garðarnir er nú allt horfið og hefur verið gert að einu túni milli Skeiðmels, Þjóðvegur, Staðarár og Neskotshóla og er það nú nefnt einu nafni Bugaspilda. Nú slétt tún en í því sjást vatnsrákir sem liggja frá austri til vesturs.

Malarnám er í Skeiðmel austanverðan. Flóðgarðarnir hafa legið A-V út frá Skeiðmel í átt að Neskotshólum og Skipalóni og þannig haldið vatni á vikin milli Skeiðmels og Neskotshóla.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Arnarneshreppur, 86

EY-068:020 Akrrar heimild um býli

65°46.157N 18°14.441V

"Akrrar hét bær Þóris Akraskeggs, sem um getur í Ljósvetningasögu. Hefur land hans tekið yfir þennan mýrarfláka milli Heyhóls, Möðruvallamela og Spóngerðisholts og bær hans staðið annað hvort við Heyhólinn eða heima á Jaðri " segir í örnefnalýsingu. Í raun er ekkert sem bendir til staðsetningu Akra annað en örnefnið Akramýri 034 en ef miðað er við að stæður

hafi ekki breyst að ráði frá því sem nú er þá eru önnur bæjarstæði varla líklegri en Jaðar og Heyhóll í næsta nágrenni við mýrina, en þar fyrir utan kemur til greina Róðukot við Hörgá, í Bjargalandi.

"Þorgils hét maðr. Hann var þingmaðr Þóris. Hann bjó at Okrum í Horgárdal ok kallaðr Akrakarl, ekki mjog vinsæll né trúr í kaupum." Ljósvetninga saga, A-gerð, ÍF X, 21. Í C-gerð er sami maður kallaður Þórir Akraskeggur en þar er ekki getið um bústað hans. Þorgils hrökklaðist undan Guðmundi ríka til Húsavíkur en skildi fé eftir í Hörgárdal. Kemur m.a. fram að hann átti land að Steðja - ÍF X, 21-25. Akrar eru taldir meðal eyðijarða kalustursins í eignaskrá frá 1447 - DI IV 710-712, en er ekki getið í öðrum máldögum. Í Þjóðsögum Sigfúsar Sigfússonar (VIII, 160-161) er saga um bónda, er bjó á Ökrum skammt innar frá Möðruvöllum. Hann var sakaður um sauðapjófnað, og fannst þýfið fyrir sakir skyggni Þorláks prests Þórarinssonar (1745-1773). En Akrabóna varð svo við að hann gekk beint í Hörgá og drekkti sér. Gekk hann síðan aftur og eyddist bærinn á Ökrum við afturgöngu hans. "Var þar þá reistur róðukross, er stóð þar lengi síðan. En við það breyttist nafnið á þessu koti, svo það heitir einatt síðan Róðukot." Steindór Steindórsson segir í Lýsingu Eyjafjarðar að sunnan undir Möðruvallamelum við Hörgá, spölkorn fyrir sunnan Hörgárbrú séu garðlönd mikil og tóftabrot, sem hafi verið kallað Róðukot. Telur hann að það sé sami bær og Akrar og að bærinn hafi lagst af vegna landbrots af völdum Hörgár. Sauðapjófnaðarsöguna telur hann geta verið afbökun sögunnar um Þorgils Akrakarl/Þóri Akraskegg. Róðukot Ey-098:005 er í landi Bjarga og var ekki skoðað 1998.

Heimildir: ÍF X, 21; DI IV, 710-712; Ö-Arnarneshreppur, 86; LE I, 143

EY-068:021 Klukkupollur sögustaður

65°46.157N 18°14.441V

"Sunnan heimvegarins og ofan við Heyhól voru nokkrar uppsprettur sem nú eru uppþornaðar, vegna framræslu landsins. Ein þeirra hét Þegjandi, önnur Klukkupollur. Munnmælin herma að þar hafi sökkt verið kirkjuklukku frá Möðruvöllum, til að forða henni frá að lenda í höndum Tyrkja, sem rændu víða hérlandis fyrr á öldum." segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar Klukkupollur var nákvæmlega en skv. lýsingu hefur hann verið þar sem nú er sléttað tún rétt sunnan við heimreið, u.þ.b. 100-200 m vestan við þjóðveg.

Sléttað tún, áður mýri.

Heimildir: Ö-Arnarneshreppur, 86



EY-068:022 Jaðar 2 tóftir býli

65°46.179N 18°14.791V

"Möðruvallamelarnir mynda stóra skeifu sunnan og ofan við suðurhluta Akramýrar. Norðantil uppi á þeim bördum er jafnan kallað á Jaðri. Þar voru töluverð tóftabrot, forn. Þar er nú nýgerður grafreitir." segir í örnefnalýsingu. Tóftir Jaðars eru fast á brekkubrún ofan við Akramýri, norðan við nýja grafreitinn en sunnan við lægðina (Barnalaut) er gengur upp að bænum sunnan við kirkjuna. Tóftirnar eru beint austur af prestbústaðnum.

Á brún á grónum, grösugum mel og er bratt niður af á tvo vegur. Neðan við breiðast út miklar mýrar, nú framræstar, en ofanvið hefur verið valllendi á melnum, þar sem hægt hefur verið að rækta túnblett, skammt neðan við heimatúnið.

Nyrðri tóftin er stærri og er sennilega bæjartóft. Eitt skýrt hól, um 3x3 m hefur dyr til austurs, en aftan

(vestan) við það er annað litlu minna, og sunnan við hafa einnig verið herbergi. Í vesturjaðri tóftahólsins eru tvær hvompur sem gætu verið eldri byggingaleifar. Hin tóftin er mun minni, eitt hólf með dyr til austurs. Um 20 m vestar er lítil ávöl hólbunga sem gæti verið öskuhóll frá Jaðri. Jaðar er talin meðal eyðikota "sem voru í kringum Möðruvallaklaustur en sem lögðust í eyði, þegar það varð amtmannssetur." í sóknarlýsingu frá 1841.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Arnarneshreppur, 86; SSE, 113, 122.

EY-068:023 heimild um myllu

65°46.269N 18°14.969V

"[Bæjarlækurinn hafði] miklu hlutverki að gegna. Talsvert há buna var í læknum rétt neðan við brúna [rétt norðan við Stefánsfjós]. Við hana voru stórar hlóðir, og þar var ullin þvegin á vorin og skolað undir bununni. Fáum skrefum neðar var myllan; sneri lækurinn mylluhjólinu. Myllan fannst mér hreint furðuverk. Þegar mylluhjólið tók að snúast, var korn látið í stóran kassa inni í myllunni, og rann það í gegnum trekt, og þá tóku myllusteinarnir við og möluðu það. Fór það ofan í stóran poka, sem var strengdur neðan vð steinana." segir Hulda Á. Stefánsdóttir í minningum sínum. Lækurinn hefur nú verið tekinn í skurð vestan við veginn og er stundum þurr, en þurr farvegur er í túninu um 40 m norðan við kirkjugarðinn. 20 m norðan við garðinn er ræsi þar sem farvegur gæti líka hafa verið. Rör er undir veginn þar sem brúin hefur verið, um 20 m norðar en norðurendi Stefánsfjóss. Slétt tún. Lítur út fyrir að miklu hafi verið umturnað á þessu svæði.

Myllan er ekki sýnd á túnakorti frá 1917 og hefur hún þá verið horfin.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 130-131

EY-068:024 rjómabú tóft

65°46.341N 18°15.514V

Rjómabú var stofnað á Möðruvöllum 1903 og starfaði til 1915. "Búið stóð uppi undir fjallsrótum á litlum hól í skriðufæti rétt norðan lækjarins, sem fellur þar niður túnið, út og upp af fjárhúsum frá Möðruvöllum, svonefndum Lækjarbakkahúsum. Húsgrunnurinn sést enn vel á lækjarbakkanum skammt norðan við núverandi fjárhús Tilraunastöðvarinnar." segir í grein Stefáns Halldórssonar um rjómabúið. Tóftin er um 60 m ofan (vestan) við þar sem Lækjarbakkahús (010) stóðu og um 50 m norðvestur af geldneytafjósinu (sama og fjárhús Tilraunast. í tilvitnun). Á snöggrónum melum ofan við túnjaðar, grösugir hagar ofan við.



"... að [rjómabúinu] stóðu, þegar flest var, um 30 bændur. Undir lögin [undirrituð 1904] hafa upphaflega skrifað 31 bóndi og eru 15 þeirra úr Arnarneshreppi, 12 úr Glæsibæjarhreppi og 4 úr Skriðuhreppi. Félagatalan mun ætíð hafa verið nokkuð á reiki og síðustu ár búsins fór félögum fækkandi.

Starfsemi búsins var svo hátt að mjólkinn var aðskilin heima og rjóminn fluttur í búið að jafnaði annan hvern dag. Áfirnar voru svo fluttar jafnóðum til baka, þannig að sá sem rjómann flutti, beið á meðan strokkað var. Búið var starfrækt í um það bil tvo mánuði yfir hásumarið, í júlí og ágúst, það er að segja yfir fráfærnatímann, því að sauðamjólkinn var önnur

aðaluppistaðan í hráefninu. ... Grunnurinn er um það bil 40-50 m² að flatarmáli og er hann og gólfið steinsteyppt og sömuleiðis þró við suðurhlíð hans, þar sem sjálft drifhjólið hefur staðið út í lækinn. Húsið sjálft var úr timbri og mun hafa verið skipt í tvennt, vinnslusal og geymslu. Samkvæmt frásögn sjónarvotts, Steindórs Steindórssonar skólameistara frá Hlöðum, en hann flutti á æskuárum sínum rjóma í búið heiman frá Hlöðum, fór vinnslan í stórum dráttum þannig fram: Búið var drifið með vatnsafla úr bæjarlæknum og var hægt að hleypa vatninu á drifhjólið í áðurnefndri þró með handfangi inni í húsinu. Með reimbúnaði var strokkunum síðan snúið, en hann var tunnulaga og hvíldi á ásum sem hægt var að halla að vild til að losa smjör og áfir án þess að þurfa að stöðva snúninginn. Þá var einnig með reimbúnaði drifið svonefnt smjörborð, en það var kringlótt, ívið ávallt, það er, aðeins lægra út við brúnir. Sívalur valti var yfir borðinu og nam út á brúnir þess. Hann var með skorum og var þykkari út við borðbrúnina sem um miðjuna. Snúningur borðisins hnoðaði síðan smjörið við valtann. Smjörinu var síðan drepð ofan í litlar tunnur (kvartil) og geymt uns það var selt, en það fór á markað í Englandi. ... Vorið 1917 keypti Jón St. Melstað á Hallgilstöðum rjomabúið til niðurrifs. Fékk hann helminginn af viðnum "og var það heilmikið búslag."

Tóftin sést nú aðeins sem nokkurnveginn ferhyrndur pallur og hlaðin, og að hluta steyppt, þró sunnan við þar sem vatnshjólið var. Rjomabústóftin var skráð sumarið 1985 og fékk númerið 133. Nákvæmur uppdráttur var gerður af rústunum og fylgir lýsing með á sama blaði en ekkert var fært inn í skráningarbók: "Rjomabúið er hlaðið úr höggnu grjóti og múrbundið, hefur líkl. verið múrhúðað. Það er 1.10 br. og 4.30 l. [þ.e. hjólhúsið]. Sillur eru beggja vegna 90 cm háar. Norðanvið eru leifar af steypu gólfi. Það er 1.50-160 cm hærra en botninn í rjomabúinu. Undirstöður að tréveggjum sýna útlínur byggingarinnar. Búið er grafið inn í hól. Um 1 m djúpur skurður liggur í austur frá búinu. Efst eru leifar af torfveggjum og etv. inngangi."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Stefán Halldórsson: Rjomabúið á Möðruvöllum, Heimaslóð 1991-93, 46-54; GÓ 1985

EY-068:025 Öskuhóll öskuhaugur öskuhaugur 65°46.248N 18°15.070V

"Bak við íbúðarhúsið (nyrðra) og Stefánsfjós er hóll, nokkuð víðáttumikill, er heitir Öskuhóll. Á honum vaxa nú trjáplöntur." segir í örnefnalýsingu. Öskuhóll er í raun hæsti og vestasti hluti bæjarhólsins og nær yfir mest af norður- og vesturhluta hans. Hólmyndun byrjar vestan við Leikhúsið 007 og þar vestan við hefur fjós verið byggt ofan í suðurenda hólsins. Þar skammt norðan við hækkar hólinn mjög og hallar niður af honum aftur norður á móts við suðurenda Stefánsfjóss 006.

Aflöng hólbunga aftan við íbúðar- og útihús á Möðruvallastað og er á hólnum sjálfum trjágarður með allstæðilegum trjám af ýmsum gerðum. Sléttað tún er vestan og norðan við. Hulda Á. Stefánsdóttir segir svo frá í endurminningum sínum: "Fyrir vestan aðalhusaþyrpinguna var yndislegur, grænn hóll, sem lá í sveig eins og faðmur, sem vernda vildi öll þessi blessuð hús. Þetta var gamall öskuhaugur, sem bar vott um, að mikið hefði verið eldað um aldir á þessum söguríka stað. Margar glaðar stundir áttum við krakkarnir á Öskuhólnum. Hann var okkar fyrsti leikvangur á vorin, þegar skeljar og leggir voru komin út, og að vetrinum renndum við okkur á sleða eða rassinum niður hólinn, ... Þá má ekki gelyma því að hólinn stöðvaði allt vatnsrennsli af miðtúninu að vetrinum, og safnaðist vatnið í allstóra tjörn fyrir vestan hólinn. Þegar hún fraus var það hið besta skautasvell ... Síðast þegar ég kom að Möðruvöllum var þessi elskulegi hóll aðeins svipur hjá sjón. Hann hafði allur gengið í sig eins og gamalmenni, sem alltaf er að minnka, eftir því sem ellin sækir á ... Segja má að Öskuhóllinn væri opinn í báða enda ... því alltaf bættist við aska í hólinn. Á hverjum degi var askan úr skólanum borin í suðurendann, en norðurendinn var ætlaður öskunni frá bænum." Hólinn er sennilega náttúruleg upphækkun í grunninn og er líklegt að

byggingaleifar séu í honum auk öskulaga. Hóllinn er hæstur vestast og myndar þar dálíttinn hrygg sem sveigir til austurs á móts við suðurenda Stefánsfjóss 007. Tré standa þétt uppi á þessum hrygg en innan við er rjóður en þar innan við er svo önnur röð af trjám milli öskuhaugsins og opins svæðis bak við bústjórastól þar sem torfbærinn stóð áður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Arnarneshreppur, 87; Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 129-130

EY-068:026 þúst útihús

65°46.115N 18°15.280V

Í túninu, 200 m suðvestur af prestbústað og um 100 m austur af Hjaltalínshúsi 013 er stór þúst í túninu með tveimur stórum hvompum og nokkrum minni. Í sléttu túni.

Hvompurnar tvær eru báðar 4-5x4 m og eru vestantil á þústinni en minni dældirnar eru austanvert á henni. Austur af þessari þúst gengur lágur (0,3-0,5 m) en breiður (5-6 m) rani austur eftir túninu og er nógu reglulegur til að vera mannaverk þó hann sé helsti breiður til að vera túngarður. 50 m sunnar er annar rani, 1,5-2,5 m breiður og nær sá lengra í vestur eða upp á móts við Hjaltalínshús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-068:027 Þorláksskofi heimild um útihús


"Sunnan og ofan við gamla túnið (var býlið Nunnuhóll.) Þar efra var einnig Þorláksskofi." segir í örnefnalýsingu. Ekki er nú vitað hvar Þorláksskofi var og er líklegast að hann sé sama hús og annaðhvort 012 eða Hjaltalínshús 013 (t.d. eldra nafn á því húsi) eða að hann hafi staðið á Nunnuhóli. Engar tóftir eru sýnilegar neðst í brekkunum suðvestan við túnið.

Heimildir: Ö-Arnarneshreppur, 87

EY-068:028 tóft beitarhús

65°46.481N 18°16.285V

"Hjallar eru ekki í hliðinni [vestan bæjarins], nema Langihjalli, öðru nafni Beitarhúsahjalli.



Eru upp í hjallanum, rétt norðan við Staðará, beitarhúsatóftir." segir í örnefnalýsingu. Beitarhúsatóftirnar eru á norðurbakka Staðará og brýtur hún af þeim, um 30 m ofan (vestan) við vírgirðingu á hjallabrúninni (fjallgirðing). Kvísl úr Staðará rennur einnig í skorningi norðan við tóftirnar.

Á hörðum stórbýfðum móa, á rana milli tveggja kvísla úr Staðará. Deiglendi er sunnan og norðan við en ofar taka við brattar fjallshlíðar, vel grónar að neðanverðu.

Norðan og austan(neðan) við er stórbýfi og miklar hvompur og gætu þar verið meiri byggingaleifar. Torfleifar sjást í rofi í gilbarminum bæði ofan og

neðan við tóftirnar og staðfestir það að mannvistarleifar eru víðar á þessu svæði en þar sem tóftir sjást nú. Yngsta tófin er fast á árbakkanum og er einföld fjárhústóft með garða eftir endilöngu, hlöðutóft afanvið. Framan við fjárhúsið er eldri tóft, mögulega rétt og við hlið þess norðanmegin eru tvær tóftir sambyggðar, greinilega eldri byggingar. Beitarhúsin voru

skráð 1985 og fengu þá númerið 134. Gerður var nákvæmur uppdráttur af rústasvæðinu og er skrifuð lýsing á sama blað en ekki var neitt fært inn í skráningarbók: "Lega: Um 1250-1500 m NV af bænum, í brattri hlíð norðan við lækinn. Þarna er stórt rústasvæði, greinilega frá ýmsum tímum. Greinilegustu rústirnar eru beitarhús með heystæði að baki og jötu eftir endilöngu húsi, um 20 cm háum. Veggjahæð er 30-40 cm. Aðrar rústir eru afar óljósar og mikið hrundar. Þess vegna er látið nægja að skyggja svæðið sem rústirnar eru á og ekki reynt að finna einstök hús. Nyrst eru þó 2 rústir allgreinilegar með 30-40 cm háa vegg. Þetta er afar flókið rústasvæði, sem líka er erfitt að skoða vegna kafgresis. Vafalaust hafa beitarhús frá Möðruvöllum verið þarna frá öndverðu. Þetta svæði þarf að friða."

Hættumat: hætta, vegna vatnsaga

Heimildir: Ö-Arnarneshreppur, 87; GÓ 1985

EY-068:029 þúst óþekkt 65°46.135N 18°15.154V

Um 100 m SSV af prestbústað, í túninu um 70 m vestar en rafmagnslína, er breið þúst með dæld í miðju. Í túni.

Veggir eru alveg útflattir en ytri mörk eru þó greinileg og regluleg, alls 20x20 m að utanmáli. Gæti hafa verið rétt eða tvístætt fjárhús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-068:030 þúst útihús 65°46.160N 18°15.085V

Um 50 m beint suður af fjósi, sem er suðvestan í Öskuhól 025, um 60 m SSV af prestbústað og skammt sunnan við garðinn kringum húsið er L-laga þúst og ójöfnur í kring í sléttuðu túninu. Í túni, beðasléttur vestan við.

Virðist vera leifar af aflangri byggingu, sem snúið hefur N-S og sjást nú þústir þar em suður og vesturveggir voru. Beðasléttur ná alveg upp að þessum ójöfnum að vestan.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-068:031 kuml legstaður 65°15.992N 18°15.790V

"I Anledning af at et Menneskes Laarben saaes at være blevet afdækket ved Jordlagets Bortblæsning af Efteraarsstormene, i en stenet Bakke (holt) kort sonden og oven for det gamle Modrevall kloster ... eftergrov man nærmere og fandt største Delen af et kvindeligt Skelet ..." Ekki er vitað hvar kumlið fannst. Berir melar eru sunnan við tún á Möðruvöllum og hefur hluti þeirra verið ræktaður undir tún. Ofar eru melhólar og klettaholt neðst í fjallshlíðinni við merkin á móti Björgum og virðist lýsingin helst eiga við það svæði. Melhólarir og holtin eru raunar mest í landi Bjarga og má vel vera að kumlið hafi verið þeim megin merkjanna. Neðst er melrani, að mestu gróinn í landi Möðruvalla en syðri hluti hans, sem er í landi Bjarga, er ber ofantil. Þar ofan við eru stórgrýtt holt hvert upp af öðru, mestanpart gróin milli grjóthnullunganna. Berir melkollar eru einnig neðst í fjallshlíðinni norðar, á móts við Nunnuhól 014 og Hjaltalínshús 013.

Bjarni Thorarensen amtmaður ritar Finni Magnússyni bréf 9. september 1839 og sendir með því "en lille sonderbrudt Mynt, da fundet for faa Dage siden ... [lærbein hafði komið í ljós við uppblástur sunnan og ofan við Möðruvelli og var grafið eftir] og fandt største Delen af et kvindeligt Skelet, hvis Been, især Hovedets, dog tildeels syntes at være blevne voldsomt adskilte og nogle manglede aldeles. Man formodede saaledes at kvindepersonen var bleven myrdet, især da der blandt Beenene fandtes Levninger af en Kniv med Træskaft og paa en af Fingrene en næsten glat Sølvring, der ikke ansaaes for mærkelig og medfulgte ikke heller. Derimod fulgte de ovenommeldte Fragmenter af den lille Mynt, som den 18de October af mig bleve leverede Hr Justitsraad Thomsen, og Mynten blev strax af ham erkjendt for at være Angelsaxisk fra Kong Adelstans Tid." Kristján Eldjárn bætir við: Enginn efi leikur á, að þarna hefur fundizt fornt kuml með hnífi, fingurbaug úr silfri og silfurpeningi.

Peningurinn er nú glataður, fannst ekki við leit 1927 en hafði áður verið greindur af myntfræðingum í Kaupmannahöfn. Hann var mjög í brotum, en á bakhlið varð lesið: . . . ANTD + [MO]NETA. Rétt er það eflasut, að peningurinn er af sláttu Aðalsteins Englakonungs (924-40), en ekki er unnt að greina gerðina nánar, enda peningar Aðalsteins sjaldgæfir. Þetta er í eina skiptið, sem peningur hefur fundizt í gröf á Íslandi, en heimildin virðist traust. Má vera að peningurinn hafi veirð borinn í bandi um hálsinn sem kinga." Um staðsetninguna fæst tæplega nánari vitneskja en í sóknalýsingu frá 1841 er talað um "manneskjubein og litlar fornleifar aðrar, sem í fyrra fundust í jörðu nálægt bæ þeim er Björg heitir, skammt fyrir sunnan Friðriksgáfu" og hafði prestur pata af að aðrir hefðu um það skýrslu gefið.

Heimildir: Kuml og haugfé, 133-4; SSE, 109.

EY-068:032 heimild um kvíar 65°46.382N 18°15.072V

"Trébrú var yfir lækinn, og þá tók við upphleyptur vegur norður túnið og svo götuslóðar út Grundina, fyrir utan túnhliðið. ... Á Grundinni áttum við bú; meira að segja þeir Valtýr og Grímsi gátu veitt Grundarlæknum í djúpt tóftarbrot þar nálægt, líklega leifar af gömlum kvíum. Brátt var komið þar lítið stöðuvatn, og þá var útbúinn kassi, sem átti að vera bátur, og ýtt úr vör." Ekki er vitað hvar tóft þessi var og búið er að slétta allt svæðið, norðan frá túnhliðinu sem hefur verið um 240 m norðan við Stefánsfjós 007, og norður að merkjum. Smápúst er fast vestan við veginn, sunnan við þar sem slóði liggur út á túnið í framhaldi af afleggjara heim að nyrsta og nýjasta fjósi Tilraunabúsins. Slétt tún, áður valllendi utan túns.

Samkvæmt sóknarlýsingu frá 1841 voru þá hafðar færiskvíar á Möðruvöllum og hafa því torfkvíarnar verið löngu aflagðar er Hulda og leikfélagar hennar höfðu þar leikpoll um síðustu aldamót.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 130; SSE, 117

EY-068:033 garðlag túngarður 65°16.005N 18°15.253V

Túngarður er fyrir vestur og suðurhlið túnsins, alls 716 m á 850 m bili. Norðurendi er um 70 m ofar en suðurgafl geldneytafjóss sem er skammt ofan við Lækjarbakkahús 010. Þar er líka endi á grunnnum skurði og hylur uppgröftur úr honum garðendann. 142 m af garðinum eru norðan merkja milli Möðruvallabúanna en vik er í garðinn þar sem merkjagirðingin er. Fast sunnan við hana eru tvær dældir út frá garðinum sem geta verið tóftir, þá allstórar. Frá þessum stað liggur garðurinn til suðurs með heldur austlægari stefnu en norðan við merkjagirðinguna og er hlykkur á honum um 58 m frá merkjagirðingu og stefnir hann enn austar sunnan við þann stað. 96 m frá merkjagirðingu hverfur garðurinn í mýri, en 127 m þar SSA af kemur hann í ljós á ný og eru enn 84 m með sömu stefnu, en þá horn og liggur hann eftir það til ASA í 112 m og er þar gleitt horn á móts við Nunnuhól 014 en síðan 224 m beint í austur að garðenda í miðju túni. Þar austan við hefur garðurinn verið sléttaður og mætti e.t.v. rekja hann lengra í slegnu túni.

Garðurinn liggur um haga að ofan og hefur túnið ekki náð upp að garðinum 1917 þó það geri það nú. Niðri á sléttlendinu hefur tún verið sléttað að garðinum beggja vegna.

Garðurinn er víðast 2-3 m breiður og yfir 1 m hár, sérstaklega staðilegur niðri á túninu sunnan og suðaustan við Nunnuhól. Túngarðsins er getið í skráningargögnum frá 1985 en virðist ekki hafa fengið sérstakt skráningarnúmer: "Túngarður er um 500 m NV við bæinn, 2.5 m br og 1 m hár. Að austanverðu er hann allt að 1.8 m hár."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: GÓ 1985

EY-068:034 Akramýri heimild um mógrafir 65°46.157N 18°14.441V


"... fyrir sunnan þetta nes er æðistór mýri, kölluð Akramýri, í hverri að móskurður frá klaustrinu er hafður." segir í sóknarlýsingu frá 1841. Akramýri er allt svæðið austan Möðruvallahella að Heyhól og norður undir Spónsgerði, allt mýrlendið sitthvoru megin við gömlu heimreiðina að Möðruvöllum. Mýri, nú framræst og að hluta til gerð að túni.

Heimildir: SSE, 106

EY-068:035 heimild um kálgarð

1777: "... heima á klaustrinu sá ég einnig [kál] garð, sem gefið hafði góða uppskeru nokkur undanfarin ár." Ekki er vitað hvar þessi kálgarður var en 1917 voru tveir kálgarðar innan túns á Möðruvöllum, annar syðst og austast á Fjóshólum í brekku mót suðri og hinn minni austan við suðausturhorn kirkjugarðsins í brekkunni austast í Barnalág, einnig í brekku mót suðri, og er sennilega um annanhvorn þeirra sé að ræða.

Heimildir: ÓÓ II, 14



EY-068:036 tóft smalakofi 65°46.745N 18°13.446V

"Fyrst á morgnana og fram yfir hádegi var setið yfir kúnum á Grundinni [norðan við túnhliðið], en síðan voru þær reknar niður í Flóa, sem er talsverð vegalengd. Flóinn er skammt utan við svokallaða Neskotshóla. Kýrnar voru oft rólegar í Flóanum; þar var mjög grösugt og því góðir hagar. Uppi á hæsta hólum áttum við allgott byrgi, sem gott var að leita skjóls í, því þótt veðursæld sé við Eyjafjörð, getur stundum gert kalsaveður." segir Hulda Á. Stefánsdóttir í minningum

sínum. Neskotshólar eru þrír. Tveir norðan við mynda eins og boga og er vik á milli þeirra en sunnan í boganum er stærsti hóllinn og er djúp hvílt á milli. Smalakofatóftin er uppi á þessum hól þar sem hann er hæstur, austar- og sunnarlega á honum. Kofinn er um 100 m austur af austustu tóftinni í Neskoti.

Lyng- og mosagróinn melur. Útsýni yfir allar Möðruvallaengjar frá Akramýri og út á Nes.

Þessi tóft var skráð sem nr. 125 í fornleifaskráningu 1985: "[Lega] Í Neskotshólum - ofan á eystra hólum. [Staðhættir] Uppblásinn hóll. [Lýsing] Þetta er grjóthlaðið og er 4x3 m að ummáli. Veggir eru um 40-50 cm háir og 30-40 cm breiðir."

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 130; GÓ 1985

EY-068:037 Frúarsteinn heimild um 65°46.196N 18°14.994V

"Á hlaðinu framan við prestshúsið er Frúarsteinn. Hann var hlaðinn upp handa frú Hjaltalín og hafði hún hann fyrir "bakpúfu". segir í örnefnalýsingu. Hulda Á. Stefánsdóttir minnst hennar einnig: "Fyrir framan skólahúsið var slétt og falleg flöt, og á henni miðri stóð steintrappa, sem var bakpúfa frú Hjaltalín. Var hún hlaðin úr grjóti og steyppt yfir, svo að hún yrði slétt undir fæti, þegar frúin þurfti að nota hana. Hef ég hvergi á byggðu bóli séð slíka bakpúfu, og saknaði ég hennar, þegar ég kom síðast að Möðruvöllum, vorið 1980. Þá lá þessi merkilega bakpúfa á hvolfi úti í flagi; var verið að umturna flötinni fyrir framan prestshúsið ..."

Heimildir: Ö-Arnareshreppur, 87; Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 128

EY-068:038 Spónsgerðiskill heimild um aftökustað

"Í [Spónsgerðiskíl, sem er framhald Staðarár, neðst áður en hún rennur í Hörgá] mun Sigríði Vigfúsardóttur hafa verið drekkt 17. apríl 1705, fyrir að hafa banað barni sínu." segir í örnefnalýsingu. Afatakan gæti hafa farið fram hvar sem er neðan við núverandi þjóðveg og

að því sem kíllinn rennur í Hörgá. Ekki er vitað um fleiri aftökur á þessum stað.


Heimildir: Ö-Arnarneshreppur, 86

EY-068:039 þjóðsaga legstaður

"Maður er nefndur Jón Ögmundsson, bróðir Ingimundar þess, er Jón Þorláksson kvað um. Þegar hann var ungur, var hann vinnumaður hjá Bjarna Thorarensen, amtmanni á Möðruvöllum. Var það eitt haust, að verið var að reiða tað á völl, og var Jón að þeim starfa með öðrum piltum. Þar nálægt fjóshaugnum voru tvær þúfur, sem sneru í austur og vestur, og var það gömul sögn, að undir þeim lægi fjósamaður og sauðamaður, sem hefði flogizt á í illu og orðið hvor öðrum að bana. Voru þeir piltar að tala um, hvort þetta myndi vera satt, en Jón kvað það mundu ýkjur einar og uppspuna og kvaðst mana þá féлага að láta hann verða varan við sig, ef þeir hefði nokkur tíma verið til. ... að lokinni máltíð kemur amtmaður til Jóns og biður hann að skreppa fyrir sig fram í dal með bréf ... er hann kemur heim í túnið á Möðruvöllum, sér hann ljós í fjósglugganum, og hugsar með sér, að stúlkurnar muni vera að mjólka ... Þegar hann kemur að fjósinu, sér hann dyrnar standa opnar. Hleypur hann þá í einu stökki inn um dyrnar og inn á flór. En er þar kemur, var þar kolamyrkur, en ekkert ljós og engin manneskja. verður honum þá bilt og fer nú að athuga hvar hann sé staddur, og þreifir fyrir sér. Finnur hann þá, að hann stendur við vatnstunnuna, sem var innst við gaflinn á fjósinu. Lízt honum þá ekki á blikuna, og skilur ekki, hvar hann hefur komið inn, enda rann nú upp fyrir honum ... að hann gat alls ekki hafa séð fjósdyrnar úr þeirri átt, sem hann kom, og að hann hafði hlotið að koma gegnum fjósgaflinn. Grípur hann þá hræðsla, hleypur fram flórinn og leitar dyranna. En þær voru bundnar aftur að utanverðu og auðséð, að búnar voru allar mjaltir og allir komnir inn. ..." Frásögn Ólínu Andrésdóttur.

Ekki er ótvírætt hvar þetta fjós hefur verið og þar með þúfurnar, því ef Jón var að koma framan úr Hörgárdal ætti fjósið að hafa verið sunnan við Möðruvallastað en um aldamótin 1900 var fjósið á Fjóshólum norðan við staðinn. Hvorttveggja getur verið að sögnin hafi skolest til, bréfsendingin hafi t.d. verið út með ströndinni en ekki fram dalinn, eða að fjós hafi verið sunnan við staðinn um miðja 19. öld.

Heimildir: Gráskinna hin meiri I, 142-143



EY-068:040 2 tóftir smalakofi 65°46.825N 18°13.488V
Í Neskotshólum eru þrír hólar og í þeim norðaustasta er hvilft eða geil að austanverðu. Efst í henni er tóft og önnur 22 m neðar.

Í grasi vaxinni geil, gróðurlitlir melar eru ofan við. Útsýni yfir ytri hluta Möðruvallaengja, Flóann og Möðruvallanes.

Báðar þessar tóftir virðast vera smalakofar. Í kring um þá neðri er lægra, eins og torf hafi verið rist til að setja í bygginguna. Efri tóftin er greinilega eldri og sést ekki til dyra á henni. Hún er 7x5 m að utan, veggir 1,5 m þykkir og 0,4 m háir. Hin er með dyr til austurs og er mjög djúp að innan og sést þar grjót í hleðslum. Hún er 4,5x4 m að utan, veggir 1,5 m þykkir og 0,7 m háir. Neðri og yngri tóftin var skráð 1985 og gefið númerið 126: [Lega] Á eystri hlið norður hól Neskotshóla. [Staðhættir] Í lítilli laut milli hólanna - þúfur (litlar) eru í kring og þar fyrir ofan uppblástur. [Lýsing] Þetta er lítill rúst, grasi vaxin. Hún er mjög greinileg. Veggir eru um 50 cm háir og 70 cm - 1 m breiðir. Innanmál er 1.5 x 1.5 m. Hefur sennilega verið hlaðin úr grjóti og torfi - það sést í nokkra steina."

Hættumat: engin hætta

Heimildir: GÓ 1985

EY-068:041 *Ferjuvað* heimild um ferju 65°45.697N 18°13.822V
"Gamall ferjustaður var lítið eitt norðar en brúin er, en þar heitir Ferjuklauf að austan í landi Djúpárbakka." Viðtal við Steindór Steindórsson frá Hlöðum 20. desember 1995. Allhár bakki er norðan við brúna austanmegin og er ekki um klauf að ræða fyrir en um 300 m norðar en þar endar bakkinn og við tekur lág eyri. Þar hefur ferjan lagst að austanmegin. Að vestan er allsstaðar lág eyri meðfram ánni norðan við brúna.
Ferjuklauf og Vaðhóll í Djúpárbakkalandi er EY-253:005 - í örnefnalýsingu Djúparárbakka er getið um Ferjuvað og hefur það verið á sama stað og ferjan.
Heimildir: Möðruvallatíðindi, 5. ár (1995), 1 tbl.

EY-068:042 *Staðarvað* heimild um vað 65°45.697N 18°13.822V
"Gamall ferjustaður var lítið eitt norðar en brúin er, en þar heitir Ferjuklauf að austan í landi Djúpárbakka. Staðarvað var dálítið norðar, skammt sunnan við Tréstaðalæk, spölkorn norðan við melinn sem brúin er á." Viðtal við Steindór Steindórsson frá Hlöðum 20. desember 1995. Staðarvað hefur verið á sama stað eða örfáum metrum norðar en Ferjustaðurinn 041 - og má vera að Ferjuvað sé annað nafn á Staðarvaði.
Áin er um 70 m breið á þessum stað - a.m.k. upp í lendar á hesti - grýtt í botninn og straumþung.
Heimildir: Möðruvallatíðindi, 5. ár (1995), 1 tbl.

EY-068:043 *Heyhólsvað* heimild um vað
"Neðan og aðeins norðan við Heyhól var Heyhólsvað, og var það sennilega mest notað í mínu ungðæmi." Viðtal við Steindór Steindórsson frá Hlöðum 20. desember 1995. Heyhólsvað hefur verið um miðja vegu milli Staðarvaðs 042 og Kerruvaðs 044 og legið yfir í Skeiðhólma.
Heimildir: Möðruvallatíðindi, 5. ár (1995), 1 tbl.

EY-068:044 *Kerruvað* heimild um vað
"Þá var vað nyrst á Skeiðhólma sem kallað var Kerruvað." Viðtal við Steindór Steindórsson frá Hlöðum 20. desember 1995. Ekki er vitað um nákvæma staðsetningu Kerruvaðs en það hefur af lýsingunni að dæma verið 200-300 m sunnar en vað 045.
Heimildir: Möðruvallatíðindi, 5. ár (1995), 1 tbl.

EY-068:045 heimild um vað 65°46.363N 18°13.506V
"Nyrst var vaðið af Sandhólma sunnan við Melshornið í Hlaðalandi, þar sem Ólafur Davíðsson mun hafa farist, en stundum grófst botninn í þessu vaði." Viðtal við Steindór Steindórsson frá Hlöðum 20. desember 1995. Þetta vað hefur verið skammt norðan við norðurodda Skeiðhólma, sunnan við norðurenda Melhornsins sem myndar austurbakkann í Hlaðalandi.
Áin er á þessum stað allbreið en hefur greinilega grafið sig mikið niður við austurbakkann.
Heimildir: Möðruvallatíðindi, 5. ár (1995), 1 tbl.

EY-068:046 gata leið 65°46.027N 18°14.751V
"Frá brúnni og Staðarvaði var farið upp norðurbrún melanna (um það bil sem Hörgárdalsvegur liggur nú) og síðan beygt út brúnirnar út á Jaðar, yfir Leyning og gegnum Möðruvallahlað norður á Grundir og yfir brú á Staðaránni, sem þarna nefnist Spónsgerðislækur. Síðan skiptist gatan. Lá önnur leiðin áfram beint upp í Brekkutorfu og var alfaraleið á efri bæjarröðina, en hin niður á neðri göturnar norðan við Spónsgerði og á neðri bæina." segir í viðtali við Steindór Steindórsson frá Hlöðum 20. desember 1995.
Götutroðningar eru framan í svokölluðum Börðum og suður frá Jaðri.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Möðruvallatíðindi, 5. ár (1995), 1 tbl.

EY-068:047 gata leið

65°46.675N 18°13.879V

"Frá brúnni og Staðarvaði var líka hægt að fara eftir götum út með ánni norður á Heyhól. ... Götur lágu svo áfram norður frá Heyhólum á bakkanum yfir á Spónsgerðismela og þaðan yfir á Neskotshóla niður á Möðruvallanes og á brúna á Ásláksstaðakílum. Þetta var alfaraleið á neðri bæina þar til Eggert Davíðsson eldri lokaði leiðinni á milli Heyhóls og Spónsgerðismela einhverntíma fyrir 1920, líklega til að losna við umferð um engjarnar og var þá farið um Möðruvallahlað." Viðtal við Steindór Steindórsson frá Hlöðum 20. desember 1995. Reiðgötur (2 paldrar) sjást á 100-150 m bili sunnan í Skeiðmel. Af melnum má rekja götuna áfram í stórhýfðum móanum að vestustu tóftinni í Neskoti og liggur gatan yfir gaflinn á henni.

Melurinn er gróinn

Göturnar liggja ANA-VNV og hafa beina stefnu á Neskot þar sem þeim sleppir. Leiðin hefur að öðru leyti legið þar sem núverandi þjóðvegur er en svo þverbeygt til austurs á Skeiðmel og þaðan legið framhjá Neskoti og í gegnum Neskotshóla þar sem nú er rudd bíslóð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Möðruvallatíðindi, 5. ár (1995), 1 tbl.

EY-068:048 heimild um leið

65°46.137N 18°14.289V

"Frá brúnni og Staðarvaði var líka hægt að fara eftir götum út með ánni norður á Heyhól. Frá Heyhólum lá gata upp að Möðruvöllum og upp á hlað um Leyning." Viðtal við Steindór Steindórsson frá Hlöðum 20. desember 1995. Þessi leið er á sama stað og gamla heimreiðin að Möðruvöllum þvert yfir Akramýri af Heyhól.

Heimildir: Möðruvallatíðindi, 5. ár (1995), 1 tbl.

EY-068:049 náma mógrafir

65°46.750N 18°13.051V

Stór mógröf er á suðurbakka skurðar, sem liggur frá rótum Neskotshóla til austurs út á engjarnar. Gröfin er vestan við þar sem 90° horn kemur á skurðinn og hann sveigir til norðurs meðfram s.k. Presthólma sem er austan við.

Umhverfis eru ræktuð tún.

Gröfin er óreglulega hringlaga, um 20-25 m að stærð, full af vatni og eru bakkarnir um 1 m háir ofan við vatnsborð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-068:050 garðlag áveita

65°46.679N 18°12.984V

Áveitugarður liggur u.þ.b. beint í suður frá skurðhorninu við mógröf 049. Eftir um 150 m klofnar hann og liggur annar garður - bæði lægri og mjórri - til ASA út í Hörgá.

Garðurinn er alls 320 m langur og nær út í Hörgá. Hann er 1 m breiður og 0,4-0,8 m hár, torfhlaðinn

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-068:051 garðlag áveita

65°46.567N 18°13.191V

Áveitugarður liggur þvert yfir Möðruvallaengjar frá austurhorni Neskotshóla til ASA út í Hörgá. Hann er á milli áveitugarðanna 050 og 052 og heldur nær 052. Þeir eru allir hluti af sama kerfi.

Við vesturendann á þessum garði, við Neskotshóla, er eins og hlaðið sé í kringum dý og gæti þar hafa verið mógröf.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-068:052 garðlag áveita

65°46.573N 18°13.459V

Áveitugarður liggur þvert yfir Möðruvallaengjar frá því á móts við syðstu tóftina í Neskoti til ASA áleiðis út í Hörgá, en ekki þó alla leið og er vegarslóði fyrir austurendann. Þessi garður er hluti af sama kerfi og garðarnir 050 og 051.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

7. kafli. Verndun og kynning minja á Möðruvöllum.

Fornleifakönnun í landi Möðruvalla í Hörgárdal sumarið 1998 leiddi í ljós upplýsingar um 52 minjastaði. Þar af eru 10 á hinu forna bæjarstæði og 15 til viðbótar innan hins forna túns. Utan túnsins eru mannvirkjaleifar aðeins beitarhúsarúst og rjórabú ofan við bæinn, tóftir Neskots, smalakofar í Neskotshólum og svokallaður Karlskofi í Möðruvallanesi – og er þó lítil tóftarmynd á honum, auk áveitugarða á Möðruvallaengjum. Aðrir staðir eru vöð á Hörgá (5), leiðir (3), kuml og aftökustaður í Spónsgerðiskíl – sem hvorugt er nákvæmlega staðsett –, sögustaðurinn Klukkupollur og mógrafir á engjunum og í Akramýri, en það örnefni er jafnframt vísbending um forna akuryrkju og hefur verið sett í samband við fornbylíð Akra sem var í grennd við Möðruvelli.

Í og við túnið eru ekki aðrar tóftir sýnilegar en leifar eyðbylisins Jaðars, suðvestan við kirkjuna, útihúsið Sauðhús og nokkrar þústir í suðurhluta túnsins þar sem ekki hefur verið sléttað. Heima á staðnum sjálfum eru engar tóftir sýnilegar á yfirborði. Þar eru þó miklar fornleifar, sem lítið hafa verið skemmdar og gætu hentað vel til rannsókna:

- Gamla bæjarstæðið er bakvið (vestan við) bústjórastæðið, b. 1938 og hefur þar ekki verið annað rask en trjárækt síðan bærinn var rifinn snemma á 20. öld.
- Allur vestari hlemingur gamla bæjarstæðisins er undir stórum öskuhaug, s.k. Öskuhól, sem hefur heldur ekki orðið fyrir öðru raski en trjárækt.
- Bústjórastæðið er ekki með kjallara og forveri þess, timburhús byggt 1892 var með grunnnum handgröfnum kjallara. Niðurgrafin hlaða í syðsta hluta Stefánsfjöss hefur skemmt mannvistarleifar, m.a. komu þar í ljós brunaleifar, og mögulegt er að bygging fjöss á suðvesturhluta bæjarstæðisins 1934 hafi einnig skemmt fornleifar í jörðu. Núverandi prestbústaður stendur þar sem skólahús frá 1879 og amtmannssetur frá 1826 voru áður og munu leifar nyrðri hluta þeirra bygginga vera undir sverði norðan við prestbústaðinn en líklegt er að bygging hans hafi að öðru leyti eyðilaggt húsgrunninn. Ekki er vitað um aðrar minjar á þessum syðsta hluta staðarins.
- Gamli kirkjugarðurinn er að mestu ósléttaður og eru ekki mörg tré í eldri hluta hans. Garðurinn er einn örfárri við megin kirkjur landsins sem ekki hefur verið sléttaður og er mikilvægt að hann fái að halda sér. Grafir eru á svæði þar sem nú er tún norðan við kirkjugarðinn og er mikilvægt að þess verði gætt að þar verði ekki rask. Ekki er vitað hver norðurmörk grafreitsins eru. Líklegt er að miðaldakirkjur á Möðruvöllum hafi

verið stærri en núverandi kirkja og hugsanlegt að þær hafi ekki staðið á alveg sama stað. Því er ekki ólíklegt að hægt væri að rannsaka eldri kirkjugrunna, t.d. með fjarkönnun.

- Á staðnum eru þrjár gamlar byggingar: kirkjan frá 1868, stór og vönduð, svokallað Leikhús frá 1881 og Stefánsfjós frá 1902. Þær tvær síðastnefndu hafa verið í lélegu ásigkomulagi en hafa tvímælalaust varðveislu- og kynningargildi, enda eru þær hvorttveggja sérstæðar og nátengdar sögu staðarins.

Túnið í kringum staðinn hefur verið náttúrulega slétt og hefur aðeins lítill hluti þess verið sléttaður með stórvirkum vinnuvélum. Syðri hlutinn og Miðtúnið vestur af staðnum eru óskemmd og sjást þar víða ummerki um gamlar byggingar og garða. Á Nunnuhóli sjást leifar kotsins sem þar stóð 1854-1937 og efst í túninu er tóft Sauðhúss ósnert. Fyrir vestur- og suðvesturhlið túnsins er gríðarstór túngarður.

Í högum og engjum eru ekki margir minjastaðir en þó sjást skýrar tóftir eyðibýlis á Jaðri suðvestan við kirkjuna, á Beitarhúsahjalla – og liggja þær undir skemmdum vegna vatnsaga –, og vestan undir Neskotshólum en þar eru rústir gamals eyðibýlis.

Sýnilegar fornleifar eru því ekki miklar í Möðruvallalandi, og eru það fyrst og fremst beitarhúsin, Jaðar og Neskot sem hægt væri að sýna almenningi eins og þær rústir eru.

Rústirnar á Beitarhúsahjalla liggja undir skemmdum af Staðará og þyrfti að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir að hún gangi frekar á þær.

Fyrst og fremst hafa fornleifar heima á staðnum mikið rannsóknargildi, bæði bæjar- og hugsanlegar klausturleifar og öskuhaugar, sem og útihús og smákot innan túngarða, auk túnsins sjálfs. Allt bendir til að leifar miðaldabæjar og klausturs séu óskemmdar af seinni tíma raski undir sverði vestan við bústjórahus og undir Öskuhóli. Það eykur á gildi Möðruvallaklausturs sem rannsóknarstaðar hvað bæjarhúsin (og kirkjan) hafa oft brunnið. Ætla má að brunalögin skipti mannvistarlagabunkanum í vel skilgreind skeið auk þess sem brunarnir hafa orsakað að byggja hefur þurft upp af grunni að minnsta kosti þrisvar (1184, 1316 og 1712). Það þýðir að leifar um byggingarhætti 12., 14. og 18. aldar ætti að vera að finna í jörðu á Möðruvöllum.

Varast þarf allt rask heima á staðnum á svæðinu frá suðurenda prestbústaðar að norðurenda Stefánsfjóss og frá kirkjugarðshliði að túnjaðri vestan við Öskuhól og fjós frá 1934. Nauðsynlegt er að kalla til fonleifafræðing ef skipta þarf um jarðveg, lagnir eða gera annað rask á þessu svæði.

Fyrir utan hugsanlegt jarðrask á staðnum stafar fornleifum þar helst hættu af trjám þeim sem gróðursett hafa verið í hið forna bæjarstæði. Trjárætur sprengja hleðslur og færa efni úr stað meira en flesta grunar og er víst að minjarnar eru þegar skemmdar að verulegu leiti af þessum sökum. Rannsókn á bæjarstæðinu hefði í för með sér að fella þyrfti a.m.k. hluta trjáanna og væri ítrustu minjaverndarsjónarmiða gætt ætti að fella þau öll án tafar.

Hið forna túnstæði Möðruvalla er merkilegar fornleifar sem nauðsynlegt er að varðveita óspillta. Ræktunarsaga Möðruvalla er án efa lykilinn að skilningi á sögu staðarins og rannsókn á þeirri sögu er aðeins hægt að gera með því að skoða þá hluta túnsins sem ekki hefur verið raskað með stórvirkjum vinnuvélum.

8. kafli. Heimildaskrá

AÍ: *Alþingisbækur Íslands I-XVII*, Rv. 1912-1990.

Ágúst Sigurðsson: 'Í kytrum kotalífs.' *Dagur*, 27. júní 1998.

Björn M. Ólsen: 'Smávegis.' *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1899*, 19-28.

Brynjólfur Jónsson: 'Rannsókn í Norðurlandi sumarið 1905.' *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1906*, 1-27.

BE: *Byggðir Eyjafjarðar I-II*, Akureyri 1973.

BE 1990: *Byggðir Eyjafjarðar 1990 I-II* Akureyri 1993.

Bæksted: Anders Bæksted: *Islands runindskrifter*, (Bibliotheca arnamagnæana II), Kbh. 1942.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn I-XVI*, Kh. og Rv. 1853-1976.

Einar Bjarnason: 'Rúnasteinar og mannfræði.' *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1971*, 46-73.

Eiríkur Þormóðsson: *Möðruvallaklaustur*, lokaritgerð í sagnfræði, Háskóli Íslands 1966.

Finnur Birgisson: *Leikhúsið á Möðruvöllum. Stutt greinargerð* [1992].

GÓ 1985: Gögn um fornleifaskráningu Guðmundar Ólafssonar í Arnarneshreppi 1985, Þjóðminjasafn Íslands, fornleifadeild.

Gráskinna hin meiri I-II, útgefendur Sigurður Nordal & Þórbergur Þórðarson, Reykjavík 1962.

Helgi Hallgrímsson: *Söguminjaskrá Eyjafjarðar*, handrit á Minjasafninu á Akureyri.

Hulda Á. Stefánsdóttir: *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I. Bernska*, Reykjavík 1985.

ÍF: *Íslenzk fornrit*, Rv 1933-.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1-11*, Kh. 1913-43; 12-13 Rv. 1990.

Kaalund: P.E. Kristian Kålund: *Íslenzkir sögustaðir III. Norðlendingafjórðungur*, Haraldur Matthíasson þýddi, Reykjavík 1986.

KEKH: Kristján Eldjárn: *Kuml og haugfé í heiðnum sið á Íslandi*, Akureyri 1956.

Minningar frá Möðruvöllum, Brynjólfur Sveinsson sá um útgáfuna, Akureyri
Möðruvallatíðindi, Möðruvöllum 1990-

ÓO: Ólafur Olavíus: *Ferðabók: landshagir í norðvestur-, norður-, og norðaustursýslum Íslands 1775-1777 I-II*, Steindór Steindórsson þýddi, Rv. 1964-65

Saga Menntaskólans á Akureyri 1880-1890 I-III, Gísli Jónsson ritstj., Akureyri 1981.

'Skýrsla um viðbót við Þjóðmenjasafnið 1912.' *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1914*, 38-83.

SSE: *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1854*, (Eyfirk fræði II), Akureyri 1972.

Stefán Halldórsson: "Rjómabúið á Möðruvöllum." *Heimaslóð* 1991-93, 46-54

Steindór Steindórsson: *Lýsing Eyjafjarðar*. Fyrri hluti, (Eyfirkingarit I), Akureyri 1949.

Steindór Steindórsson: *Möðruvellir í Hörgárdal*, Akureyri 1956 (sérpr. úr *Jólablaði alþýðumannsins* 1955).

Sturlunga saga, Örnólfur Thorsson ritstj., Rv 1988.

Túnakort, Þjóðskjalasafn Íslands.

ÞT Ferðabók: Þorvaldur Thoroddsen: *Ferðabók. Skýrslur um rannsóknir á Íslandi 1882-1898* I-IV, Reyjavík 1913-15.

Ö-Arnarneshreppur: Örnefnaskrá Eyjafjarðarsýslu. Arnarneshreppur, Jóhannes Óli Sæmundsson skráði, Héraðsskjalasafnið á Akureyri.

Myndir

Forsíða: Möðruvellir 1836, teikning e. Auguste Mayer. Upphafleg útgáfa: *Atlas historique lithographie d'après les dessins de M.A. Mayer* I-II, Paris 1842. Lituð mynd úr *Íslandsmyndir Mayers 1836*, Reykjavík 1986, s. 158.

s. 6, efst. Möðruvellir 1836, teikning e. Auguste Mayer. Upphafleg útgáfa: *Atlas historique lithographie d'après les dessins de M.A. Mayer* I-II, Paris 1842.

s. 6, miðja. Möðruvellir 1856, teikning e. Carl Baagøe. Þjóðminjasafn Íslands.

s. 6, neðst. Möðruvellir skömmu fyrir 1900, ljósmynd e. Hallgrím Einarsson, úr *Sögu MA I*, s. 22.

s. 12. Teikning af amtmannshúsi. Þjóðskjalasafn Íslands, teikningasafn.

s. 15. Torfbærinn á Möðruvöllum, ljósmynd e. Jón Chr. Stephansson, úr *Sögu MA I*, s. 88.

s. 16. Skólastjórastúfið á Möðruvöllum, ljósmynd tekin milli 1892 og 1897, úr *Sögu MA I*, s. 140.

s. 18. Möðruvallakirkja 1856, teikning e. Carl Baagøe. Þjóðminjasafn Íslands.

s. 24. Friðriksgáfa, teikning á Þjóðskjalasafni Íslands, teikningasafn.

s. 25, ofar. Friðriksgáfa, ljósmynd í Det kongelige bibliotek, København, Kort- og billedafdelingen nr. 6152

s. 25, neðar. Skólahús 1881, ljósmynd e. Jón Chr. Stephansson, úr *Sögu MA I*, s. 77.